

Sp.

811. Skýrsla

[415. mál]

félagsmálaráðherra um 72. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1986.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. INNGANGUR

Í 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) er kveðið á um þá skyldu aðildarríkis að leggja alþjóðasamþykkt sem Alþjóðavinnumálaþingið hefur afgreitt fyrir þá handhafa opinbers valds sem málið ber undir þannig að hægt sé að setja lög henni til framkvæmdar eða gerðar aðrar ráðstafanir. Í samræmi við þetta ákvæði hefur félagsmálaráðuneytið tekið saman og lagt fyrir Alþingi skýrslu um Alþjóðavinnumálaþingið sem að jafnaði er haldið árlega. Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir helstu viðfangsefnum 72. Alþjóðavinnumálaþingsins sem haldið var í júní 1986.

Segja má með nokkrum rétti að vinnumálaþingið 1986 marki tímamót í sögu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Þingið samþykkti nokkrar breytingar á stofnskrá stofnunarinnar og þingsköpum vinnumálaþingsins. Helstu breytingarnar eru þær að fulltrúum í stjórnarnefnd ILO verður fjölgað úr 56 í 112. Þar af verða 56 fulltrúar ríkisstjórna, 28 frá atvinnurekendum og 28 frá hópi launafólks. Skal val fulltrúa endurspegla mismunandi landfræðilega, efnahagslega og félagslega stöðu þessara þriggja hópa án þess að raska sjálfræði þeirra. Núverandi fastasæti 10 stærstu iðnríkja verða afnumin og 54 af 56 sætum ríkisstjórna verður skipt á fjóra landahópa. Í hlut Ameríku koma 12 sæti, Afríku 13 sæti og Evrópa og Asía skiptast á um 14 eða 15 sæti. Reglur um skiptingu sæta og kosningar í hverjum hópi verða settar í sérstökum svæðasamningum. Þau tvö sæti, sem eftir verða af

Þessum 56 sætum, eiga að gera þeim ríkjum sem standa utan svæðasamninga kleift að taka á jafnréttisgrundvelli þátt í kosningum til stjórnarnefndarinnar.

Meðal athyglisverðra málefna, sem voru rædd á Alþjóðavinnumálaþinginu, var ný alþjóðasamþykkt um varnir gegn heilsuspillandi áhrifum af asbesti og meðferð þess efnis í iðnaði. Í samþykktinni er m.a. lagt til að bönnuð verði notkun krókídólits og vara sem innihalda slíkar trefjar. Tillaga Norðurlanda um bann við hvers konar sprautun með efnum, sem innihalda asbest, var tekin upp í samþykktina. Samþykktin er birt í heild sem fylgiskjal I. Tillaga um sama efni, en ítarlegri en samþykktin, er birt sem fylgiskjal II.

Þingið samþykkti tvær ályktunartillögur. Önnur þeirra fjallaði um aukna möguleika starfsfólks til fræðslu og þjálfunar. Þessi tillaga var samþykkt einróma. Hin tillagan var öllu umdeildari og fjallaði um þróun erlendra skuldabyrði þróunarlanda og félagsleg markmið ILO. Margar breytingartillögur komu fram en aðeins hluti þeirra fékkst samþykktur.

Það skal tekið fram að viðfangsefni Alþjóðavinnuálastofnunarinnar og Alþjóðavinnuálabingsins eru það fjölbreytileg að einungis er hægt að gera grein fyrir helstu atriðum í yfirlitsskýrslu sem þessari.

2. 72. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAPINGIÐ 1986

2.1. SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

Sjötugasta og annað þing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar var haldið í Genf dagana 4.–25. júní 1986. Forseti þingsins var kosinn vinnuálaráðherra Uruguay, Fernandez Faingold. Aðstoðarvinnuálaráðherra Tékkóslóvakíu, frú Molkova, var kosin varaforseti. Eurnekian frá Argentínu, fulltrúi atvinnurekenda á þinginu, og Ahmed, fulltrúi launafólks í Pakistan, voru einnig kosnir varaforsetar.

Að þessu sinni sóttu þingið samtals 545 fulltrúar og 1214 ráðgjafar. Þeir voru frá 151 aðildarríki. Konur voru 5% af fulltrúum og 13% ráðgjafa.

Gestir þingsins voru forseti Sambandslýðveldisins Þýskalands, Richard von Weiszacker, og forseti Senegal, Abdou Diouf. Þess má geta að hann er jafnframt forseti Einingarsambands Afríku. Þriðji gestur þingsins var Oliver Tambo, forseti Suður-afríska þjóðarráðsins (ANC).

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin atriði:

1. Skýrsla forstjóra.
2. Reikningar liðins starfstímabils.
3. Upplýsingar og skýrslur um framkvæmd samþykpta og tillagna.
4. Varúðarráðstafanir við vinnu við asbest (síðari umræða).
5. Ungt fólk og atvinnulífið (almenn umræða).
6. Stuðningur við smá og meðalstór fyrirtæki.
7. Breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnuálastofnunarinnar og þingsköpum Alþjóðavinnuálabingsins.
8. Kynþáttaaðskilnaðarstefnan í Suður-Afríku.

Sendinefnd Íslands á þinginu skipuðu eftirtaldir: Hannes Hafstein sendiherra, formaður sendinefndarinnar, og Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu. Þeir voru fulltrúar ríkisstjórnar Íslands. Varamaður var Þorsteinn Ingólfsson sendiráðunautur. Kristján Þorbergsson lögfræðingur var fulltrúi íslenskra atvinnurekenda og Guðmundur J. Guðmundsson, alþingismaður og formaður Verkamannasambands Íslands, var fulltrúi íslensks launafólks.

Félagsmálaráðherra, Alexander Stefánsson, og Hallgrímur Dalberg, ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu, heimsóttu þingið dagana 13. til 20. júní. Þeir áttu viðræður við nokkra forsvarsmenn Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, m.a. aðstoðarforstjóra stofnunar-

innar, Svíann Bertil Bolin. Í viðræðunum var fjallað um fyrirhugaðar breytingar á stofnskrá ILO, samskipti Íslands við stofnunina og fleiri atriði sem snerta starfsemi hennar.

Að venju voru kosnar nokkrar þingnefndir, meðal annarra kjörbréfanefnd, nefnd sem fjallaði um framkvæmd alþjóðasamþykkt, fjárhagsnefnd og nefnd sem fjallaði um tillögur til þingsályktana, nefnd um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna í Suður-Afríku. Einnig var fjallað um aðalmálefni þingsins í sérstökum þingnefndum. Fulltrúar Íslands tóku þátt í fjárhagsnefnd, nefnd sem fjallar um framkvæmd alþjóðasamþykkt og nefnd þar sem rætt var um ungt fólk og atvinnulífið.

2.2. UMRÆÐUR UM KJÖRBRÉF

Í kjörbréfanefnd eiga sæti þrír fulltrúar, einn frá hverjum hópi sem á fulltrúa á þinginu, þ.e. hópi fulltrúa ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Að þessu sinni var hlutur Norðurlandanna stór í nefndinni. Formaður var Z. Makoni, deildarstjóri frá Zimbabwe, en fulltrúi atvinnurekenda var Norðmaðurinn Erik Hoff. Daninn John Svenningsen var fulltrúi launafólks í nefndinni.

Nefndin þurfti að kljást við nokkur erfið kærúmal. Fulltrúar launafólks á þinginu mótmæltu kjörbréfum fulltrúa launafólks frá eftirtöldum 10 löndum: Panama, Bahamayjum, Chile, Brasilú, Costa Rica, Dóminíkanska lýðveldinu, Indlandi, Portúgal, Filippseyjum og Túnis. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekki stæðu efni til að leggja fyrir allsherjarþingið tillögu um ógildingu kjörbréfanna.

Kjörbréf fulltrúa launafólks í Chile voru til sérstakrar umfjöllunar. Með hliðsjón af umræðum, sem áttu sér stað á allsherjarþinginu 1985 og atkvæðagreiðslu sem þá fór fram, þótti nefndinni ekki fært að taka þetta mál enn upp, en lét í þess stað í ljós áhyggjur vegna stöðu samtaka launafólks í landinu. Kjörbréfanefndin beindi því til ríkisstjórnarinnar að hún ráðfærði sig við stærstu samtökin áður en hún skipaði sendinefnd landsins til setu á Alþjóðavinnu- og atvinnuáráðningu.

Atvinnurekendur á þinginu mótmæltu setu fulltrúa atvinnurekenda Nicaragua og ráðgjafa hans. Í mótmælunum var því haldið fram að fulltrúinn hafi verið skipaður í sendinefnd landsins án þess að ríkisstjórn Nicaragua hefði ráðfært sig við stærstu samtök atvinnurekenda í landinu (COSEP). Meðal annars var á það bent í kærinni að fulltrúinn kæmi frá þröngum hópi atvinnurekenda, þ.e. þeim sem störfuðu í landbúnaði.

Ríkisstjórn Nicaragua vakti athygli á því að helstu atvinnurekendasamtök í landinu, þar á meðal COSEP, hefðu verið boðuð til samráðsfundar í maí vegna skipunarfulltrúa til setu á Alþjóðavinnu- og atvinnuáráðningu. Engin mótmæli hefðu þá komið fram vegna skipunar sendinefndarinnar. Á það var bent að ríkisstjórnin hafi ekki gert fulltrúa frá COSEP fjárhagslega kleift að sitja þingið sem ráðgjafi.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að skipun fulltrúa atvinnurekenda í sendinefnd Nicaragua hefði átt að gerast í samvinnu við COSEP sem enn væru stærstu samtök atvinnurekenda í landinu. Hún lagði þó ekki til að kjörbréfið yrði ógilt heldur mæltist til þess að ríkisstjórn Nicaragua skipaði fulltrúa atvinnurekenda í sendinefnd landsins á Alþjóðavinnu- og atvinnuáráðningu í samræmi við grein 3.5. í stofnskrá ILO sem hljóðar svo:

„Aðildarríki skuldbinda sig til að nefna fulltrúa og ráðunauta þeirra, aðra en fulltrúa ríkisstjórnar, í samráði við aðalsamtök atvinnurekenda og verkamanna í viðkomandi löndum, ef slík samtök eru til þar.“

2.3. KOSNINGAR Í NEFNDIR OG SKÝRSLA ÁFRÝJUNARNEFNDAR

Nokkur seinkun varð á því að þingið í heild gæti tekið til starfa. Ástæðan var ágreiningur um val fulltrúa í nokkrar nefndir. Til dæmis þurfti þrívægis að greiða atkvæði á

allsherjarþinginu um fulltrúa í ályktunarnefnd og í nefnd sem fjallar um framkvæmd alþjóðasamþykkt. Aðdragandi þessa ágreinings var tillaga frá stjórnarnefnd þingsins sem fól í sér að fulltrúar atvinnurekenda í Austur-Evrópu væru tilnefndir án atkvæðisréttar í þessar tvær nefndir. Atvinnurekendur frá þessum löndum höfðu óskað eftir sex sætum í fyrrnefndu nefndinni og þremur sætum í hinni síðarnefndu. Nefndirnar eru taldar hinar mikilvægustu á þinginu.

Fulltrúi atvinnurekendahópsins skýrði þessar aðgerðir með því að benda á að fulltrúar atvinnurekenda í Austur-Evrópu hefðu ekki virt málamiðlunarsamkomulag sem gert var árið 1968 um að fulltrúar þessara landa óskuðu ekki eftir fleiri en tveimur sætum í þessum nefndum hvorri um sig. Þetta samkomulag hafi verið brotið þegar sett var fram ósk um fleiri sæti, og meiri hluti atvinnurekendafulltrúanna því ekki séð ástæðu til að mæla með neinum fulltrúa Austur-Evrópu í þessar nefndir.

Eftir langt málþóf komst áfrýjunarnefndin að þeirri niðurstöðu að taka yrði tillit til kæranda. Það væri ekki í samræmi við stofnskrá ILO að neita fulltrúa um setu í nefnd einungis vegna þess að hlutaðeigandi fulltrúi kæmi frá ríki sem byggir við ákveðið hagkerfi. En þar sem nefndin hefði ekki vald til að fjölga fulltrúum í nefndum meir en um tvo komst hún að þeirri niðurstöðu að atvinnurekendafulltrúum frá Sovétríkjunum og Tékkóslóvakíu bæri að taka sæti í nefndinni sem fylgist með framkvæmd alþjóðasamþykkt og fulltrúum frá Mongólíu og Kúbu bæri að taka sæti í ályktunarnefnd.

2.4. SKÝRSLA FORSTJÓRA OG UMRÆÐUR UM HANA

Hin reglulega skýrsla forstjóra alþjóðavinnuáskrifstofunnar, Francis Blanchard, var til umræðu á allsherjarþinginu samhliða öðrum þingstörfum sem fóru fram í þingnefndum. Þessar umræður stóðu í rúmlega tvær vikur. Skýrslan er að jafnaði send þingfulltrúum með góðum fyrirvara fyrir þingsetningu. Hún skiptist í tvo meginhluta. Í fyrri hlutanum fjallar forstjórinn um eitthvert ákveðið efni sem er ofarlega á baugi og snertir málefni vinnumarkaðarins. Í síðari hlutanum gerir hann grein fyrir helstu þáttum í starfsemi ILO á liðnu starfsári. Hér á eftir verður stuttlega gerð grein fyrir helstu atriðunum í skýrslu forstjórans og þeirri umfjöllun sem hún fékk á þinginu.

a. Breytingar á atvinnulífinu fram til aldamóta.

Í fyrri hluta skýrslu sinnar fjallar forstjóri ILO um breytingar á atvinnulífinu og hvernig við þeim verði brugðist. Einkum er fjallað um fjögur atriði í þessu sambandi, en þau eru: Breytingar sem verða á vinnuaflinu fram að aldamótum; launafólk og vinnuverndarlöggjöf og félagslegt öryggi; efnahagsþróunin í heiminum og atvinnustig fram til ársins 2000; helstu viðfangsefni Alþjóðavinnuáskrifstofunnar á þessu tímabili.

Þær ályktanir, sem forstjórinn dregur í skýrslu sinni, benda til þess að næsta áratuginn verði áfram mikið atvinnuleysi í iðnríkjunum og fá atvinnutækifæri og fátækt í þróunarlöndunum. Í iðnríkjunum breytist aldursskipting íbúanna á þann veg að hlutfall þeirra sem eldri eru eykst. Í þróunarlöndunum verður þessu þveröfugt farið. Í þriðja heiminum munu ¾ af vinnuaflinu hvorki hafa launavinnu né búa við félagslegt tryggingakerfi. ILO og aðilar vinnumarkaðarins verða því að leggja meiri áherslu á aðstæður þess hluta vinnumarkaðarins sem kallaður hefur verið hinn óskipulagði hluti. Einnig verða þessir aðilar að leggja aukna áherslu á betra samræmi á milli menntunar og þarfa atvinnulífsins. Auk þess er nauðsynlegt að finna jafnvægi á milli hreyfanleika og öryggis í atvinnulífinu. Öflun aukins fjármagns til lífeyris- og tryggingasjóða, þannig að fleiri þjóðfélags hópar búi við félagslegt öryggi, er vaxandi vandmál.

Alls tóku 256 ræðumenn til máls við umræður um skýrslu forstjórans. Þar af voru 104 ráðherrar sem fara með málefni sem tengjast vinnumarkaðinum.

b. Samantekt á umræðum um skýrslu forstjóra.

Við lok þingsins tók forstjóri Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til máls og gerði að umtalsefni þær ræður sem höfðu verið fluttar um skýrslu hans. Hann lýsti ánægju sinni með þær undirtektir sem sjónarmið hans í skýrslunni höfðu fengið, einkum því að nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða til að skapa atvinnu fyrir um einn milljarð manna í heiminum. Hann fagnaði skilningi ræðumanna á nauðsyn bættra samskipta á milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda og lýsti yfir stuðningi sínum við tillögu um hlutverk ILO í sambandi við greiðsluvanda ýmissa ríkja. Eitt af meginhlutverkum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar væri einmitt að vekja athygli annarra alþjóðastofnana á áhrifum efnahagsstefnu á atvinnu- og félagsmál.

Hvað atvinnumálin snertir taldi forstjórinn að þingnefndin, sem fjallaði um stöðu ungs fólks á vinnumarkaði, hefði lagt mikið af mörkum til undirbúnings alþjóðaráðstefnu um starfsmenntun sem halda skal árið 1988.

Almennar umræður á allsherjarþinginu um skýrslu forstjóra fjölluðu öðrum þræði um næstu fjárhagsáætlun, sem tekur til áraanna 1988–1989, og fimm ára áætlun fyrir árin 1990 til 1995. Forstjórinn dró fram í yfirlitsræðu sinni um almennu umræðurnar á þinginu nokkra þætti sem hann taldi ástæðu til að Alþjóðavinnumálastofnunin tæki til sérstakrar umfjöllunar á næstu árum. Meðal þessara atriða er atvinnustigið í iðnríkjum og þróunarlöndum, svo og að viðleitni í þá átt að stuðla að meiri atvinnu verði að tengjast róttækum aðgerðum gegn fátækt í heiminum. Einnig verði að leggja áherslu á öryggi og heilsugæslu í atvinnulífnum, bæði í iðnaði, landbúnaði og þjónustugreinum. Í mörgum löndum eru vinnuslys allt of algeng. Forstjórinn benti á félagslegt öryggi sem eitt þeirra atriða sem veita þurfi sérstaka athygli. Hann gat þess að í næstu fimm ára áætlun muni hann leggja til að ILO taki til umfjöllunar nokkur brýn viðfangsefni á þessu sviði. Í þessu sambandi varpaði hann fram nokkrum spurningum, t.d. um það hvers konar tryggingakerfi væri óskað eftir, hvað það mætti kosta mikið og hversu víðtækt það ætti að vera. Síðast en ekki síst varpaði hann fram þeirri spurningu hvernig koma mætti í veg fyrir að þjóðfélagið skiptist í tvennt, þ.e. að í öðrum hlutanum séu þeir sem njóti vinnulauna og í hinum þeir sem lifi á styrkjum. Í fjórða lagi taldi forstjórinn að ILO eigi áfram að leggja áherslu á samningu staðla, ekki aðeins til þess að bæta réttarstöðu launafólks, heldur einnig í því skyni að stuðla að hagvexti. Forsenda þess sé raunveruleg alþjóðleg samstaða um staðlana og framkvæmd þeirra.

2.5. FJÁRHAGSSTAÐA OG FJÁRHAGSÁÆTLUN

Í nefnd, sem fjallar um fjármál Alþjóðvinnumálastofnunarinnar, sitja einungis fulltrúar ríkisstjórna. Formaður nefndarinnar að þessu sinni var kosinn Califice, þingmaður frá Belgíu. Fulltrúi Íslands í nefndinni var Hannes Hafstein sendiherra.

Aðalumræðuefni nefndarinnar var tillaga frá stjórnarnefnd ILO um að færa hagnað vegna hagstæðrar gengisþróunar á fjárhagstímabilinu 1984–1985 yfir á yfirstandandi fjárhagstímabil til að mæta væntanlegum halla á rekstri stofnunarinnar. Ástæður væntanlegs halla eru nokkrar. Til dæmis hefur gengi bandaríska dalsins gagnvart svissneska frankanum farið lækkandi, en árgjöld stofnunarinnar eru greidd í dólum. Einnig hafa nokkur ríki, þar á meðal Bandaríkin og Sovétríkin, haft uppi hótanir um að greiða ekki hluta af árgjaldi sínu fyrir árið 1986. Búist er við því að halli á rekstri stofnunarinnar verði um 27 milljónir dala. Tekjuafgangur ILO 1984–1985 vegna styrkrar stöðu dalsins var 26,7 milljónir dala. Af þessari ástæðu lagði stjórnarnefndin til að í stað þess að endurgreiða aðildarríkjunum tekjuafganginn verði hann færður yfir á næsta fjárhagstímabil.

Fjölmarginir ræðumenn tóku til máls um þetta efni og töldu nauðsynlegt að finna varanlega leið fyrir ILO til að mæta breytingum á gengisskráningu.

Framlag Íslands til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er 0,03% af fjárhagsáætluninni eða 37 950 bandaríkjadalir á ári.

2.6. NEFND UM BREYTINGAR Á ÞINGSKÖPUM ALÞJÓÐAVINNUMÁLAPINGSINS

Sérstök nefnd fjallaði um breytingar á þingsköpum Alþjóðavinnumálapingsins. Formaður nefndarinnar var sendiherra Nicaragua, Vargas að nafni. Varaformenn voru John Svenningsen, fulltrúi launafólks, og Conelie Haak, atvinnurekendafulltrúi.

Nefndin lagði til margvíslegar breytingar sem miða að því að einfalda og skýra gildandi reglur um störf Alþjóðavinnumálapingsins.

Ein af breytingartillögum tók til 17. gr. þingskapanna sem fjallar um meðferð tillagna. Í greininni er kveðið á um málefni sem hægt er að álykta um á þinginu og hvaða þingnefndir skulu fjalla um ályktunartillögurnar. Önnur breytingartillaga fjallaði um með hvaða hætti alþjóðasamþykkt eða tillögu á allsherjarþinginu yrði breytt við lokaafgreiðslu. Hér er um að ræða 8. tölul. 4. gr., 7. tölul. 40. gr. og 7. tölul. 45. gr. Áður var þess krafist að síðustu breytingar á samþykkt eða tillögu lægju frammi daginn eftir að texta hefði verið dreift til þingfulltrúa. Þessi regla hefur skapað ýmis vandamál og því var lögð til sveigjanlegri regla sem gefur þingforsetum aukið vald til að ákveða hvort hægt sé að koma að breytingartillögu.

Loks var lögð til breytingar á reglum um atkvæðagreiðslur. Í henni felst að kosning nefndaformanna fari fram með sama hætti og val á þingforsetum, þ.e. að þeir verði kosnir með leynilegri atkvæðagreiðslu.

Nefndin var sammála um fleiri minni háttar breytingar. Tillögur nefndarinnar voru samþykktar af allsherjarþinginu án umræðu.

2.7. FRAMKVÆMD SAMÞYKKTAR OG TILLAGNA

Í samræmi við þingsköp Alþjóðavinnumálapingsins var kosin sérstök nefnd til að fjalla um framkvæmd aðildarríkjanna á alþjóðasamþykktum og tillögum. Í nefndinni áttu sæti fleiri þingfulltrúar en nokkru sinni áður, eða samtals 212. Þar af voru 107 ríkisstjórnarfulltrúar, 26 atvinnurekendafulltrúar og 79 fulltrúar launafólks. Að auki sátu 113 varamenn fundi nefndarinnar. Einnig áttu 29 alþjóðasamtök áheyrnarfulltrúa í nefndinni. Nefndin kaus K. Hagen, ríkisstjórnarfulltrúa Hollands, formann. Varaformenn nefndarinnar voru kosnir A. Wisskirchen, atvinnurekendafulltrúi frá Sambandslýðveldinu Þýskalandi, og J.M. Houthuys, fulltrúi launafólks í Belgíu. Ritari var kosinn ríkisstjórnarfulltrúi Filippseyja, N. Confesor. Fulltrúi ríkisstjórnar Íslands í nefndinni var Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu. Kristján Þorbergsson lögfræðingur átti einnig sæti í nefndinni.

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með því að aðildarríkin sinni þeim skyldum sem þau hafa skuldbundið sig til með fullgildingunni alþjóðasamþykktanna. Efnið, sem nefndin hefur til umfjöllunar, eru skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd samþykktanna og athugasemdir frá sérstakri sérfræðinganefnd ILO sem fer yfir skýrslurnar, auk þess eru nokkur lönd beðin um að veita nefndinni ákveðnar upplýsingar á þinginu.

Vegna ágreiningsins um þátttöku atvinnurekenda frá Austur-Evrópu, sem áður er getið, dróst að nefndin gæti hafið störf. Af þeirri ástæðu var gripið til þess ráðs að takmarka ræðutíma í almennum umræðum nefndarinnar. Einnig var nokkru færri löndum en venjulega stefnt fyrir nefndina til að gefa skýringar á ákveðnum atriðum í sambandi við framkvæmd samþykktanna. Að venju hófst nefndarstarfið með almennum umræðum um framkvæmd alþjóðasamþykktanna og tillagna Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á sviði vinnu- markaðsmála. Þar næst tóku við umræður um framkvæmd samþykktar nr. 100 og tillögu nr. 90, um jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf.

Við almennar umræður í nefndinni lýstu margir ræðumenn yfir ánægju sinni með það að fjöldi fullgiltrar samþykktar hafi aukist úr 30 á árinu 1984 í 78 á árinu 1985. Þess skal getið að

31. desember 1985 var tala skráðra fullgildinga á samþykktum ILO samtals 5254. Ísland hefur fullgilt 14 samþykktir.

Í umræðunum kom fram víðtæk samstaða um að samþykktir og tillögur Alþjóðvinnu-málastofnunarinnar eigi að vera það rúmar að lönd, sem búa við mismunandi stjórnarfar og eru komin mislangt í efnahagslegri þróun, geti fullgilt þær. Í ræðu, sem haldin var í nafni Norðulandanna fimm (Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar), var lögð áhersla á þetta sjónarmið. Jafnframt var tekið fram að ekki mætti setja markið svo lágt að hvaða ríki sem er geti fullgilt samþykktirnar fyrirhafnarlaust. Alþjóðasamþykktirnar yrðu að fela í sér félagsleg markmið sem löndin stefndu að.

Við umræður í nefndinni um skýrslu sérfræðinganevndarinnar um framkvæmd samþykktar nr. 100 og tillögu nr. 90, um jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf, komu fram ýmsar áhugaverðar upplýsingar. Til dæmis kom fram að samtals hafa 107 aðildarríki ILO fullgilt samþykktina. Það kom skýrt fram að hún hefur haft mikil áhrif á löggjöf margra landa. Þrátt fyrir það var á það bent að enn væri langur vegur að því takmarki sem sett er í samþykktinni, 35 árum eftir að hún var afgreidd af Alþjóðavinnu-málaþinginu. Annar varaformaður nefndarinnar, fulltrúi launafólks, vakti athygli á því að þótt 35 ár væru liðin frá því samþykktin var gerð hafi engu aðildarríkjanna tekist að framkvæma til fulls grundvallarreglu hennar um sömu laun fyrir jafnverðmæt störf.

Í skýrslu sérfræðinganevndarinnar er kvartað yfir því að upplýsingar um launamun kvenna og karla skortir með öllu eða eru mjög ófullkomnar. Í ræðu, sem flutt var í nafni Norðurlandanna, var m.a. bent á að samkvæmt samþykkt Alþjóðavinnu-málaþingsins 1985, um hagtolur á sviði vinnumarkaðsmála, skal greina á milli kynjanna hvað varðar upplýsingar um kaup og kjör.

Að veltu varði nefndin mestum hluta af tíma sínum í umræður um framkvæmd einstakra aðildarríkja á fullgiltum samþykktum. Undir þessum lið nefndarstarfsins urðu 31 aðildarríki við tilmælum nefndarinnar um að veita henni nánari upplýsingar um einstök atriði. Meðal þessara aðildarríkja var Danmörk sem beðin var um skýringar á afskiptum ríkisstjórnarinnar af launasamningum og banni við kauphækkunum með tilvísun til samþykktar nr. 98, um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega. Þrátt fyrir ítrekuð tilmæli létu ríkisstjórnir sjö aðildarríkja undir höfuð leggjast að veita nefndinni umbeðnar upplýsingar. Hér var um að ræða ríkisstjórnir Dóminíkaneska lýðveldisins, Lsberíu, Míritaníu, Nicaragua, Rúmeníu, Yemen og Zaire. Til viðbótar áttu fimm ríkisstjórnir ekki fulltrúa á þinginu og gátu þar af leiðandi ekki komið fyrir nefndina. Þetta átti við um Dominica, Pólland, Santa Lucia, Seychellseyjar og Sierra Leone.

Nefndin vakti bæði athygli á framförum í einstökum löndum og lýsti áhyggjum sínum yfir vanrækslu annarra aðildarríkja, sérstaklega hvað varðaði að kynna löggjafarstofnunum í hlutaðeigandi löndum nýjar alþjóðasamþykktir og tillögur. Nefndin var sammála um að framfarir hefðu átt sér stað í eftirtöldum aðildarríkjum: Fíji-eyjum, Guinea-Bissau, Írlandi, Kenya, Libyu og Sírlandi. Eftirtalin lönd voru gagnrýnd fyrir vanrækslu: Bolívía, Botswana, Brasilía, Íran, Malawi, Míritanía, Seychellseyjar, Sierra Leone og Túnis.

Í skýrslu sérfræðinganevndarinnar eru tvær athugasemdir um framkvæmd Íslands á fullgiltum alþjóðasamþykktum. Önnur snertir framkvæmd samþykktar nr. 29, um nauðung-arvinnu. Í athugasemdinni lætur nefndin í ljós sérstaka ánægu með það að 180. gr. almennra hegningarlaga hafi verið afnumin með 10. gr. laga nr. 42/1985. Hin athugasemdin lýtur að framkvæmd 81. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985. Ákvæði greinarinnar er nær samhljóða 80. gr. eldri sjómannalaga, nr. 67/1963. Sérfræðinganevndin hefur óskað eftir því að íslensk stjórnvöld hlutist til um að ákvæðum greinarinnar verði breytt þannig að þau samrýmist ákvæðum samþykktarinnar.

2.8. VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ NOTKUN ASBESTS

Notkun asbests var til annarrar umræðu á þinginu. Alþjóðavinnu­málaskrifstofan hafði tekið saman skýrslu um athugasemdir og umræður sem komu fram á 71. Alþjóðavinnu­mála­þinginu sem haldið var 1985. Með skýrslunni var lagður grundvöllur að framhaldsumræðum um þetta málefni. Ísland átti ekki fulltrúa í þingnefnd þeirri sem fjallaði um drög að alþjóðasamþykkt sem lágu fyrir þinginu. Fulltrúar Íslands gátu fylgst með gangi mála í nefndinni með þátttöku í samráðsfundum vestrænna ríkja annars vegar og Norðurlandanna hins vegar.

Við almennar umræður í nefndinni komu fram svipuð sjónarmið og á Alþjóðavinnu­mála­þinginu 1985. Nokkur ríki voru fylgjandi því að settar yrðu strangar reglur um notkun asbests með það að markmiði að hún verði með öllu bönnuð. Norðurlöndin voru þar í broddi fylkingar. Önnur lönd voru fylgjandi tæknilegum og skipulagslegum aðgerðum á þessu sviði í því skyni að stuðla að öruggri meðferð asbests og efna sem það innihalda. Talsmenn Kanada og Zimbabwe voru fulltrúar þessara sjónarmiða.

Í nefndinni var því ekki andmælt að notkun asbests og efna, sem innihalda asbest, er hættuleg heilsu manna. Raunin er þó sú að asbest, einkum asbestsement, er frá tæknilegu sjónarhorni gott og ódýrt efni. Notkun þess hefur því aukist í heiminum. Nefndinni var því nauðsynlegt að ná málamiðlunarsamkomulagi um nokkur atriði þannig að nægilega víðtæk samstaða myndast um afgreiðslu málsins. Þess má geta að fram fóru 60 atkvæðagreiðslur í nefndinni um breytingartillögur.

Samþykkt nr. 162, um öryggi við notkun asbests, er alls 22 greinar. Í 2. gr. er fjallað um skilgreiningu á hugtakinu asbest. Við umfjöllun nefndarinnar á þessari grein var ákveðið að einungis asbestþræðir, sem eru lengri en 5 míkrómetrar, verði taldir með í mælingum.

Í drögum, sem lágu fyrir þinginu, voru taldar upp í 10. gr. aðgerðir sem framkvæma skyldi til að vernda starfsmenn gegn asbestmengun. Nefndin samþykkti að skipta þessari grein í tvær. Í 9. gr. er kveðið á um nauðsynlegar aðgerðir til að hefta eða hafa eftirlit með asbestmengun. 10. gr. hefur að geyma ákvæði um nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja heilsu starfsmanna. Meðal þess sem talið er upp er notkun annarra efna í stað asbests og bann við notkun þess, þó með því skilyrði að það sé tæknilega framkvæmanlegt.

Lagt var til af hálfu Norðurlandanna að ákvæði í tillögu um bann við notkun krókídólíts og vara sem innihalda slíkar trefjar yrði tekið upp í 11. gr. samþykktarinnar. Tillaga Norðurlanda um bann við hvers konar sprautun með efnum sem innihalda asbest í 12. gr. var einnig samþykkt. Við 17. gr. var bætt ákvæði um að einungis þeim atvinnurekendum sem hafi fengið viðurkenningu stjórnvalda sé heimilt að rífa verksmiðjur eða mannvirki sem innihalda asbest. Þetta ákvæði olli miklum deilum í nefndinni.

Tillaga nr. 172, um öryggi við notkun asbests, er nánari útfærsla á samþykktinni og í henni er markið sett hærra. Dæmi um þetta er 14. gr. Í henni eru gerðar þær kröfur að einungis þeim atvinnurekendum eða verktökum, sem hafi fengið til þess sérstakt leyfi stjórnvalda, skuli heimil niðurrif verksmiðja eða mannvirkja sem innihalda asbest.

2.9. UNGT FÓLK OG ATVINNULÍFIÐ

Árið 1983, á ári æskunnar, samþykkti Alþjóðavinnu­mála­þingið að tekið yrði til umfjöllunar á vinnu­mála­þinginu 1986 efnið „ungt fólk og atvinnulífið“. Að vanda tók alþjóða­vinnu­málaskrifstofan saman skýrslu sem varð grundvöllur umræðnanna á þinginu. Skýrslan skiptist í fimm kafla. Fyrst er almennur inngangskafli um þau vandamál sem ungt fólk í iðnaðar- og þróunar­löndunum þarf að kljást við. Annar kaflinn fjallar um ungt fólk og aðgerðir sem ILO getur beitt sér fyrir. Næstu tveir kaflar fjalla um aðstæður í þróuðum

iðnaðarlöndum annars vegar og í þróunarlöndunum hins vegar. Lokakaflinn fjallar um aðgerðir sem lagt er til að gripið sé til á landsvísu og af hálfu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar.

Segja má að meginviðfangsefni skýrslunnar sé ósk um með hvaða hætti ungt fólk verði virkir þátttakendur í þjóðfélaginu. Komist var að þeirri niðurstöðu að atvinna sé forsenda þess.

Í skýrslunni er lögð rík áhersla á tengslin milli menntunar, þjálfunar og atvinnu. Fjallað er um þau tækifæri sem skólinn hefur til að veita þjálfun sem mæti þörfum atvinnulífsins, skólanám og atvinnulíf, og aðgerðir til að fjölga störfum, bæði í iðnaðar- og þróunarlöndum. Í henni er bent á nauðsyn þess að fjallað sé um atvinnuleysi ungs fólks í heild sinni og í tengslum við hina almennu stefnu í efnahagsmálum. Hvað varðar þróunarlöndin er dregin fram í skýrslunni þýðing hagþróunar í heiminum, skuldabyrði og þau vandmál sem fátæktin býr þessum löndum. Lögð er sérstök áhersla á erfiðleika ungs fólks í þróunarlöndunum við að fá þjálfun og atvinnu. Bent er á að fjölga þurfi tækifærum ungs fólks til menntunar og atvinnu í landbúnaðarhéruðum og í hinum óskipulagða hluta atvinnulífsins.

Einnig er í skýrslunni fjallað um stöðu og tækifæri ungra kvenna. Bent er á að aðstaða þeirra í þróunarlöndunum sé sérstaklega slæm með tilliti til menntunar. Þess vegna sé ástæða til sérstakra aðgerða til að auðvelda þeim aðgang að starfsþjálfun og eftirmenntun.

Nefndin kaus Dansanayake, ríkisstjórnarfulltrúa frá Sri Lanka, formann. Fulltrúi Íslands í nefndinni var Guðmundur J. Guðmundsson alþingismaður. Nefndarstarfið hófst á almennum umræðum sem stóðu í þrjú daga. Samtals tóku 50 fulltrúar til máls. Flestir sem tóku til máls fjölluðu um stöðu ungs fólks á vinnumarkaðinum, aðgerðir sem ríkisstjórnir gætu gripið til og þau atriði sem komu fram í skýrslu ILO. Alls komu fram 72 breytingartillögur við ný drög að ályktun sem lágu fyrir nefndinni. Flestar tillögurnar voru samþykktar einróma. Þó var ein sem olli miklum ágreiningi. Hún fjallaði um að verja fjármagni sem nú fer til vopnaframleiðslu í aðgerðir sem hafa aukið vinnuframboð að markmiði. Um síðir tókst samkomulag um orðalag sem allir gátu sætt sig við.

Í ályktuninni er að finna tilmæli til aðildarríkjanna um aðgerðir til að fjölga atvinnutækifærum ungs fólks. Einnig eru þau hvött til að fullgilda alþjóðasamþykktir sem taka til vinnuaðstæðna ungs fólks. Í ályktuninni eru tilmæli í 15 liðum til Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um framlag hennar til að bæta vinnuaðstæður og fjölga störfum fyrir ungt fólk.

Allsherjarþingið samþykkti einróma ályktun nefndarinnar.

2.10. STUÐNINGUR VIÐ SMÁ OG MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI

Stuðningur við smá og meðalstór fyrirtæki hefur áður verið á dagskrá funda og þinga Alþjóðavinnuálastofnunarinnar sem hafa afgreitt ályktanir og tilmæli um þetta málefni. Til undirbúnings umræðum á þinginu hafði alþjóðavinnuálastofnanir undirbúið skýrslu „The Promotion of Small and Medium-Sized Enterprises“ sem er almennt mat á hlutverki smárra og meðalstórra fyrirtækja í atvinnu- og efnahagslífi. Í skýrslunni er einnig lýsing á þróuninni á þessu sviði og yfirlit yfir aðgerðir sem aðildarríki stofnunarinnar hafa beitt sér fyrir. Enn fremur er að finna skrá yfir aðgerðir ILO í þessum málum og tillögur um framtíðaraðgerðir stofnunarinnar. Skýrslan tekur einkum mið af vanda og þörfum þróunarlöndanna hvað þetta varðar. Formaður nefndarinnar var kosinn vinnumálaráðherra Gabon, A.M. Sambat.

Við almennar umræður kom fram nokkur ágreiningur um skilgreiningar á hugtökum og þýðingu smáfyrirtækja fyrir efnahagsþróun. Einnig voru ræðumenn ekki á eitt sáttir um vinnuumhverfi og aðrar félagslegar aðstæður í þessum fyrirtækjum. Enn fremur kom fram ágreiningur um hlutverk opinberra aðila í sambandi við uppbyggingu fyrirtækja af þessari

stærð. Sumir lögðu til að stjórnvöld tækju virkan þátt í uppbyggingunni, en aðrir voru þeirrar skoðunar að þau ættu að skapa hagstæðar efnahagsaðstæður fyrir þessi fyrirtæki. Nefndarmenn virtust þó sammála um að stjórnvöld í þróunarlöndunum, þar sem stjórnkerfið væri ófullkomið, gegndu mikilvægu hlutverki, sérstaklega hvað varðar stuðning við stofnun fyrirtækja af þessu tagi.

Margir ræðumanna lögðu ríka áherslu á hlutverk ILO við að dreifa upplýsingum og veita þróunaraðstoð. Nefndin afgreiddi ályktunartillögu til allsherjarþingsins. Í henni er vísað til fyrri ályktana Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um þetta efni og settar fram tillögur um aðgerðir sem aðildarríkin geta beitt sér fyrir til að styrkja smá og meðalstór fyrirtæki.

2.11. BREYTINGAR Á STOFNSKRÁ ALÞJÓÐAVINNUMÁLASTOFNUNARINNAR

Eitt mikilvægasta málefni þingsins varðaði breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnuálastofnunarinnar. Fullyrða má að þingið hafi samþykkt einhverjar mestu breytingar á stofnskránni sem gerðar hafa verið frá stofnun ILO árið 1919. Telja má að þessar breytingar reynist jafnvel enn afdrifaríkari en þegar stofnunin gerðist ein af sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna árið 1946.

Mikilvægasta breytingin felst í því að komið er til móts við kröfur þróunarlandanna um afnám fastasæta 10 helstu iðnríkja heimsins í stjórnarnefndinni. Afnám fastasætanna og kosning allra fulltrúa í stjórnarnefnd á þriggja ára fresti hefur að mati þróunarlandanna mikilvæga táknræna þýðingu. Í nýju reglunum um val fulltrúa í stjórnarnefndina felst að fulltrúar fjölmennra aðildarríkja eru oftast kosnir til setu í nefndinni en áður var. Umfang efnahagsstarfsemi og mannfjöldi hafa áhrif á val fulltrúa Evrópuríkja í stjórnarnefndina með sama hætti og áður. Í raun munu þau lönd sem nú hafa fast sæti í stjórnarnefndinni halda þeim. Hins vegar leiða nýju reglurnar til þess að nokkur aðildarríki til viðbótar eiga möguleika á að fá fulltrúa sína endurkosna.

Ákvæði um breytingar á vissum greinum stofnskrárinnar eru óbreytt, þ.e. krafist er að $\frac{2}{3}$ séu samþykktir breytingunni. Að því er varðar breytingar á greinum, sem kveða á um grundvallarmarkmið stofnunarinnar, kosningu stjórnarnefndar og Alþjóðavinnuálagingsið, samskipti þessara aðila og val forstjóra, er krafist samþykkis $\frac{3}{4}$ hluta fulltrúa á vinnuálagingsinu. Sama gildir um reglur sem taka til afgreiðslu alþjóðasamþykktar og tillagna. Til þess að breytingar á þessum greinum gangi í gildi þurfa $\frac{3}{4}$ hlutar aðildarríkjanna að fullgilda þær í stað $\frac{2}{3}$ hluta áður. Í breytingunum felst að áhrif fulltrúa aðila vinnuamarkaðarins á stofnunina aukast. Hins vegar komu þeir til móts við óskir vestrænna ríkja um að varðveita sterka stöðu stjórnarnefndarinnar gagnvart vinnuálagingsinu.

Breytingar á þingsköpum Alþjóðavinnuálagingsins voru í upphafi ekki meðal þeirra atriða sem rædd voru í tengslum við breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnuálastofnunarinnar. Fulltrúar Bandaríkjanna lögðu áherslu á þetta atriði. Að tillögu þeirra er komið inn ákvæði í þingsköpin sem hindrar að þingið geti samþykkt tillögu sem felur í sér fordæmingu aðildarríkis án þess að fyrst sé rannsakað, samkvæmt kærureglum ILO, hvort ásökunin hafi við rök að styðjast. Ástæðan fyrir tillöguflutningi fulltrúa Bandaríkjanna er án efa ályktunartillaga um Ísrael sem samþykkt var fyrir nokkrum árum á Alþjóðavinnuálagingsinu.

Hvað varðar kosningu í stjórnarnefnd eru í nýju reglunum gerðar meiri kröfur til þeirra þriggja hópa (þ.e. hópa fulltrúa atvinnurekenda, launafólks og ríkisstjórna) sem eiga fulltrúa á Alþjóðavinnuálagingsinu en gert var samkvæmt eldri ákvæðum. Þess er nú krafist að stjórnarnefndin endurspegli eins vel og hægt er landfræðilega legu og ólíka efnahags- og félagslega hagsmuni þessara hópa án þess að skerða sjálfræði þeirra. Þessi regla er kennd við fulltrúa ríkisstjórnar Alsír, sem um árabil hefur tekið virkan þátt í að leysa ágreining um

skipulagsmál ILO og kölluð er Briki-reglan. Launþegahópurinn á þinginu hefur þegar samþykkt reglur um val fulltrúa sinna í stjórnarnefnd. Hins vegar eru atvinnurekendur frá Austur-Evrópu óánægðir með þær reglur sem atvinnurekendahópurinn hefur sett og telja að þær séu ekki í samræmi við stofnskrána. Fulltrúar frá Austur-Evrópu greiddu því atkvæði gegn tillögunum um breytingar á stofnskránni. Ljóst er að ákvæði stofnskrár um hópa fulltrúa atvinnurekenda og launafólks muni styrkja stöðu þeirra á þinginu.

a. Breytingar á stjórnarnefnd.

Verulegar breytingar voru gerðar á 7. gr. stofnskrárinnar um kosningu stjórnarnefndar. Að óbreyttir stofnskránni eiga 56 fulltrúar sæti í nefndinni. Eru 28 fulltrúar ríkisstjórna, 14 fulltrúar atvinnurekenda og jafnmargir fulltrúar launafólks. Auk þess hafa 46 varamenn í stjórn öll sömu réttindi önnur en atkvæðisrétt. Þess má geta að fulltrúar þeirra ríkja, sem eiga fastasæti í stjórnarnefnd, hafa ekki varamenn. Með stofnskrárbreytingunni er afnuminn sá munur sem er á aðal- og varamönnum í stjórn. Samtals verða því stjórnarmenn 112 (56–28–28). Kjörtíminn verður óbreyttur, þrjú ár.

Fram til þessa hafa hóparnir þrír, sem starfa á þinginu, komið sér saman um fulltrúa sína í stjórnarnefnd. Ákvæðin um heildartölu þeirra eru einu skráðu ákvæðin um val þeirra. Nýju reglurnar gera þær kröfur til hóps ríkisstjórnarfulltrúa að sætum í stjórnarnefndinni sé skipt eftir heimshlutum með hliðsjón af eftirtöldum þremur atriðum: a) fjölda ríkja, b) fólksfjölda og c) efnahagsstarfsemi sem annaðhvort er metin eftir þjóðarframleiðslu eða árgjaldi til ILO. Jafnframt er því slegið föstu að enginn heimshluti hafi færri en 12 sæti og enginn fleiri en 15 sæti í stjórninni. Skipting 54 af 56 sætum í stjórnarnefndinni eftir nýju reglunum verður sem hér segir: Afríka 13, Ameríka 12, en Asía og Evrópa 15 eða 14 sæti til skiptis.

Val ríkisstjórnarfulltrúanna fer fram í fimm kjörnefndum. Ríkisstjórnarfulltrúar frá Vestur-Evrópu og ríkisstjórnarfulltrúar sósíalistaríkja Austur-Evrópu mynda tvær kjörnefndir. Nefndirnar skulu gera með sér samkomulag um að skipta á milli sín þeim sætum sem ætluð eru Evrópu og velja hver í sínu lagi fulltrúa í stjórnarnefnd. Kjörnefndirnar tilkynna hópi ríkisstjórnarfulltrúa á þinginu um útnefningarnar, en hann kunngerir síðan um þær. Hver kjörnefnd skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að verulegur hluti aðildarríkja, sem falið er að skipa í stjórnarnefndarsæti fyrir það svæði, sé valinn með tilliti til íbúafjölda og að tryggð sé sanngjörn landfræðileg dreifing. Einnig skal höfð hliðsjón af öðrum atriðum, t.d. umfangi efnahagsstarfsemi hlutaðeigandi ríkis og sérstöðu viðkomandi svæðis. Greina skal frá meginreglum þessum í bókunum sem ríkisstjórnir hverrar kjörnefndar koma sér saman um og skulu þær afhentar forstjóra Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar til varðveislu. Kjörnefnd Evrópuhópsins hefur samþykkt þrjár slíkar bókanir. Í einni er 14½ sæti í stjórnarnefndinni, sem falla í hlut Evrópu, skipt á milli Austur- og Vestur-Evrópu á þann hátt að fyrrnefnda svæðið hlýtur 5½ sæti og hið síðarnefnda 9 sæti. Hinar tvær bókanirnar skipta sætunum innbyrðis í hópunum tveimur. Kjörnefnd Vestur-Evrópu skiptir sætunum á milli landanna eftir sömu þremur meginreglum og gilda um skiptingu þeirra á milli svæðanna í heild. Norðurlönd hafa fengið tryggingu fyrir að a.m.k. eitt þeirra eigi ávallt sæti í stjórnarnefnd og sjöunda hvert stjórnartímabil munu fulltrúar tveggja Norðurlanda sitja í nefndinni. Þetta er í samræmi við hlutdeild landanna í stjórnarnefndinni eins og hún hefur verið frá 1963.

Á þennan hátt er skipt 54 af 56 sætum ríkisstjórnarfulltrúa. Sætin tvö, sem eftir eru, skiptast jafnt á milli heimshlutanna fjögurra þannig að hver þeirra fær aukasæti annað hvert kjörtímabil stjórnarnefndarinnar. Þessi sæti skal nota til að gera aðildarríkjum, sem ekki eru í kjörnefnd, kleift að taka þátt í kosningu til stjórnarnefndar með sama hætti og önnur lönd. Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að aðildarríki eru ekki í kjörnefnd, t.d. að þau gerast

aðilar að ILO eftir að bókun hefur verið samþykkt, eða þeim er meinuð þátttaka í þeirri kjördeild sem þau með réttu tilheyrja. Hið síðarnefnda gildir um Ísrael. Með framangreindum breytingum er landinu tryggð eðlileg þátttaka í störfum Alþjóðavinnuárástofnunarinnar til jafns við önnur aðildarríki. Því má bæta við að breytingarnar á stofnskránni heimila flutning lands frá einni kjörnefnd til annarrar. Í þessu felst að Ísrael getur nú flutt sig úr kjörnefnd Asíu í kjörnefnd Evrópu.

b. Ráðning forstjóra.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum stofnskrár ber stjórnarnefnd ILO ein ábyrgð á vali og ráðningu forstjóra stofnunarinnar. Þetta hefur verið aðildarríkjum frá Austur-Evrópu og þróunarlöndunum nokkur þyrnir í augum og hafa þau viljað færa þetta val til Alþjóðavinnuárástofningsins. Þessi afstaða byggist á því að áhrif þessara aðildarríka hafa verið meiri á vinnuárástofningunum en í stjórnarnefndinni. Vestræn ríki og meiri hluti fulltrúa aðila vinnuárástofningsins hafa verið andsnúnir breytingum í þessa átt. Afstaða þróunarlandanna til þessa atriðis hefur breyst og þau lagt ríkari áherslu á að auka áhrif sín í stjórnarnefndinni. Breytingarnar, sem gerðar voru á ákvæðum um ráðningu forstjóra, eru minni háttar. Samkvæmt nýju ákvæðunum er það stjórnarnefndin sem ræður forstjóra, en látið er svo heita að Alþjóðavinnuárástofningið staðfesti ráðninguna.

c. Reglur um atkvæðagreiðslu á Alþjóðavinnuárástofninginu.

Gerðar voru breytingar á ákvæðum um atkvæðagreiðslur á Alþjóðavinnuárástofninginu. Á þingi stofnunarinnar, eins og á þingum annarra alþjóðastofnana, er hægt að greiða atkvæði á þrennan hátt: Með samþykki, synjun eða hjásetu. Við atkvæðagreiðslur hjá ILO eru atkvæði sem greidd eru með því að sitja hjá ekki talin með greiddum atkvæðum. Það hefur því verið tryggara til að fella tillögu að sitja hjá við atkvæðagreiðslu en að greiða atkvæði gegn tillögunni. Þess eru dæmi í atkvæðagreiðslu að greitt mótatkvæði hefur stuðlað að samþykkt tillögu. Í umræðum um skipulag stofnunarinnar ríkti einhugur um að breyta þessu fyrirkomulagi. Samkvæmt breytingunum, sem gerðar voru á stofnskránni, skal nú telja hjásetuatkvæði til greiddra atkvæða. Einnig eru tekin inn í stofnskrána ákvæði um lágmarkspáttöku í atkvæðagreiðslu til að tryggja að samþykkt hafi nægilegan stuðning aðildarríkjanna. Áður er getið um lágmarksstuðning við tillögur um breytingar á stofnskrá.

2.12. NEFND UM KYNÞÁTTAÐSKILNAÐARSTEFNUNA Í SUÐUR-AFRÍKU

Fjallað hefur verið um kynþáttáðskilnaðarstefnu stjórnvalda í Suður-Afríku á hverju vinnuárástofningi frá árinu 1981. Í nefnd þeirri, sem um málið fjallar, eiga sæti 20 fulltrúar ríkisstjórna, 20 fulltrúar launafólks og 10 atvinnurekendafulltrúar. Ríkisstjórnarfulltrúi Svíþjóðar var eini Norðurlandabúinn í nefndinni.

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með framkvæmd yfirlýsingar Alþjóðavinnuárástofnunarinnar frá árinu 1981 um kynþáttáðskilnaðarstefnuna. Í þessu skyni er árlega lögð fram skýrsla forstjóra um þetta efni. Vinnuárástofningurinn Alsír, Belkaid, var kosinn formaður nefndarinnar.

Skýrsla forstjóra um kynþáttáðskilnaðarstefnuna hefur vakið deilur á nokkrum vinnuárástofningum. Að þessu sinni var skýrslunni vel tekið af öllum aðilum. Fulltrúar launafólks gagnrýndu skýrslur sem ríkisstjórnir nokkurra Vesturlanda höfðu sent forstjóra stofnunarinnar. Þessi gagnrýni beindist ekki síst að löndum Evrópubandalagsins sem að þessu sinni sendu sameiginlega skýrslu. Danmörk og Írland sendu sérstakar skýrslur. Gagnrýnt var að svör ríkisstjórnanna væru einungis endurtekning á því að þær væru andsnúnar kynþáttáðskilnaðarstefnunni og lítið af upplýsingum þar að hafa um aðgerðir sem

gripið hafi verið til gegn henni. Margir ræðumenn bentu á Norðurlönd sem jákvæða undantekningu frá flestum aðildarríkjanna. Umræðurnar voru að öðru leyti svipaðar og á fyrri Alþjóðavinnuáráðingum. Fulltrúar allra landa sem tjáðu sig fordæmdu kynþáttaaðskilnaðarstefnuna. Ágreiningurinn stendur fyrst og fremst um aðgerðir sem ríkisstjórnirnar beita sér fyrir gegn stefnunni. Fulltrúar Afríkulanda og Austur-Evrópu orðuðu það þannig að neyta ætti allra ráða til berjast gegn stefnunni, þar á meðal vopnavaldi. Bandaríkin eru fulltrúi gagnstæðra sjónarmiða, sem sé að pólitískur þrýstingur og viðræður sé vænlegasta leiðin gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnunni.

Skýrsla þingnefndarinnar var samþykkt einróma af allsherjarþinginu. Mörg lönd höfðu fyrirvara um einstök atriði, þar á meðal Norðurlöndin. Í ræðu sem ríkisstjórnarfulltrúi Svíþjóðar, Bert Isacsson, flutti í nafni ríkisstjórna Norðurlanda (fyrir vinnuáráðherra Svíþjóðar, Önnu-Gretu Leijon, sem skyndilega forfallaðist) var lögð áhersla á að löndin hefðu um árabil stutt tillögur í öryggisráðinu um bindandi refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku. Það að slík tillaga hafi ekki náð fram að ganga hafi verið notað sem afsökun fyrir aðgerðarleysi. Í ræðunni var vakin athygli á samþykkt Norðurlandanna um aðgerðir gegn Suður-Afríku sem dreift var á 40. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

2.13. ÁLYKTUNARTILLÖGUR

Formaður ályktunarnefndarinnar (Resolutions Committee) var kosinn vinnuáráðherra Ghana. Talsmaður atvinnurekenda í nefndinni var Rowe frá Nýja-Sjálandi. Talsmaður launafólks var Stagg frá Bretlandi. Hannes Hafstein sendiherra var fulltrúi Íslands í nefndinni. Varmenn hans voru Gylfi Kristinsson deildarstjóri og Þorsteinn Ingólfsson sendifulltrúi.

Samtals bárust nefndinni 17 tillögur til umfjöllunar. Meðal þeirra var tillaga frá ríkisstjórnarfulltrúum Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðgerðir gegn notkun fíkniefna og áfengis á vinnustöðum. Þess skal getið að texti tillögunnar barst íslenskum stjórnvöldum það seint að þeim gafst ekki ráðrúm til að taka þátt í flutningi hennar. Tvær tillagnanna voru sendar öðrum þingnefndum til umfjöllunar. Annars vegar tillaga um trefjar úr steinefnum, sem send var asbestnefndinni, og hins vegar tillaga um aðgerðir til stuðnings smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Eins og áður er getið kom upp ágreiningur um val fulltrúa í nefndina sem olli því að nefndarstarfinu seinkaði um fimm daga. Eftir að kynningu tillagna lauk var hafist handa um að endurskoða og sameina tillögur um svipuð málefni. Til dæmis voru fjórar tillögur, sem fjölluðu um greiðsluvanda þróunarríkja, sameinaðar. Tvær tillögur, um rétt starfsmanna til menntunar, voru einnig sameinaðar. Samkvæmt verklagsreglum nefndarinnar er tillögum raðað í forgangsörð. Þetta er gert með forvali. Á þann hátt eru valdar fimm tillögur sem fyrst skulu teknar til afgreiðslu. Í leynilegri kosningu hlutu eftirtaldar fimm tillögur flest atkvæði:

1. Ályktun um greiðsluvanda þróunarlanda.
2. Ályktun um rétt starfsmanna til menntunar.
3. Ályktun um aukið framboð vinnu.
4. Ályktun um aðgerðir gegn misnóttun áfengis og fíkniefna.
5. Ályktun um skráningu persónulegra upplýsinga um starfsmenn.

Fulltrúar þróunarlandanna voru að vonum ánægðir með niðurstöður valsins, sérstaklega hvað varðaði tillöguna um greiðsluvanda þeirra. Hins vegar voru fulltrúar margra iðnríkja neikvæðir gagnvart ályktuninni. Ástæðan var fyrst og fremst sú að þeir töldu að í henni fælist óréttmæt gagnrýni á vestræn ríki. Einnig töldu þeir að Alþjóðavinnuárástofnunin væri ekki réttur vettvangur til að ræða tillögur þessa efnis þar sem til væru aðrar alþjóðastofnanir sem fjölluðu um fjármál og þróunarástod. Þótt fulltrúar Norðurlandanna

hefðu athugasemdir fram að færa við nokkur atriði í ályktuninni fylgdu þeir ekki að málum fulltrúum annarra vestrænna iðnríkja sem höfðu lagt fram fjölda breytingartillagna og lýst andstöðu gegn ályktuninni.

Við afgreiðslu ályktunarinnar á allsherjarþinginu krafðist fulltrúi Bandaríkjanna atkvæðagreiðslu með nafnakalli og lýsti því jafnframt yfir að hann greiddi atkvæði gegn henni. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var að 318 fulltrúar voru samþykktir, 11 andvígir og 32 sátu hjá. Tillagan var því samþykkt. Auk Bandaríkjanna greiddu ríkisstjórnarfulltrúar Sambandslýðveldisins Pýskalands, Frakklands, Japans og Stóra-Bretlands atkvæði gegn tillögunni. Ríkisstjórnarfulltrúar Danmerkur sátu hjá en ríkisstjórnarfulltrúar Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar greiddu ályktuninni atkvæði sitt.

Fulltrúi þeirra Norðurlanda, sem greiddu ályktuninni atkvæði sitt, hélt ræðu þar sem hann gerði grein fyrir afstöðu þessara landa. Nefndin afgreiddi eina aðra ályktunartillögu til allsherjarþingsins. Hún fjallaði um rétt starfsmanna til menntunar og var samþykkt einróma.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 162, um öryggi við notkun asbests.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, sem kom saman til 72. þingsetu sinnar í Genf 4. júní 1986 eftir kvaðningu stjórnar alþjóðavinnuálastofnunar, minnst alþjóðavinnuálastofnunar og -tillagna, sem þetta mál varða, og þá einkum samþykktar og tillögu um varnir gegn krabbameini á vinnustöðum frá 1974, samþykktar og tillögu um starfsumhverfi (loftmengun, hávaða og titring) frá 1977, samþykktar og tillögu um öryggi og heilbrigði við vinnu frá 1981, samþykktar og tillögu um heilsugæslu á vinnustöðum frá 1985,

minnst endurskoðaðrar skrár um atvinnusjúkdóma frá 1980 sem er viðauki við samþykkt um bætur vegna vinnslýsa frá 1964, auk **öryggisreglna við notkun asbests** sem alþjóðavinnuálastofnanin gaf út 1984 og liggja til grundvallar stefnumörkun og framkvæmdum á landsvísi,

hefur samþykkt tilteknar ábendingar um öryggi við notkun asbests sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar gerir þingið í dag, 24. júní 1986, eftirfarandi samþykkt sem nefnist samþykkt um öryggi við notkun asbests, 1986:

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

1. Þessi samþykkt nær til allra starfa þar sem launafólk verður fyrir asbestmengun við vinnu sína.

2. Aðildarríki, sem hefur staðfest þessa samþykkt, er heimilt, að höfðu samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks og á grundvelli mats á þeim þáttum sem reynst gætu hættulegir heilsu manna og þeim öryggisráðstöfunum sem gerðar hafa verið, að undanskilja tiltekna þætti atvinnustarfsemi eða ákveðnar framkvæmdir einstökum ákvæðum samþykktarinnar þegar það telur fullvíst að enga nauðsyn beri til að beita þeim.

3. Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu, þegar þau ákveða að undanskilja tiltekna þætti atvinnustarfsemi eða einstakar framkvæmdir, taka tillit til þess hve oft launafólk verður fyrir asbestmengun, hve lengi hún varir og hve mikil hún er, svo og hvers eðlis starfið er og aðstæður á vinnustað.

2. gr.

Í þessari samþykkt tákna

- a. hugtakið „asbest“ þráðlaga silikat-steinefni í serpentín-flokki steinefna, þ.e. krýsótíl (hvítt asbest), og í amfiból-flokki, þ.e. aktínólít, amósít (brúnt asbest, kummingtónít-grúnerít), anþófillít, krókídólít (blátt asbest), tremólít eða hverja þá blöndu efna sem inniheldur eitt eða fleiri þessara efna;
- b. hugtakið „asbestryk“ svífandi asbestagnir eða kyrrstæðar asbestagnir sem hættu er á að geti orðið svífandi í starfsumhverfinu;
- c. hugtakið „svífandi asbestryk“, hvað varðar mælingu, rykagnir sem mældar hafa verið með þyngdarsviðsmæli eða annarri sambærilegri aðferð;
- d. hugtakið „asbestþræðir sem unnt er að anda að sér“ asbestþræði sem eru minni en 3 míkrómetrar í þvermál og eru a.m.k. þrisvar sinnum lengri en nemur þvermáli. Aðeins þeir þræðir sem eru lengri en 5 míkrómetrar eru taldir með í mælingum;
- e. hugtakið „að verða fyrir asbestmengun“ að verða fyrir áhrifum svífandi asbestþræða sem unnt er að anda að sér eða asbestryks hvort sem rekja má uppruna þeirra til asbeststeinefna, eða annarra efna eða afurða sem innihalda asbest;
- f. hugtakið „launafólk“ einnig félagi í framleiðslusamvinnufélögum;
- g. hugtakið „trúnaðarmenn launafólks“ þá trúnaðarmenn launafólks sem hafa hlotið viðurkenningu sem slíkir samkvæmt landslögum eða venjum í samræmi við samþykkt um trúnaðarmenn verkamanna frá 1971.

II. KAFLI

Almenn ákvæði.

3. gr.

1. Í lögum eða reglugerðum landsins skal mælt fyrir um þær ráðstafanir sem gerðar skulu til forvarna og stjórnunar á þeim þáttum sem gætu reynst hættulegir heilsu launafólks vegna asbestmengunar við vinnu, svo og til verndar heilsu þeirra.

2. Lög og reglugerðir landsins, sem settar hafa verið samkvæmt 1. tölul. þessarar greinar, skal endurskoða reglulega með hliðsjón af tækniframförum og aukinni vísindalegri þekkingu.

3. Hlutaðeigandi stjórnvöld geta veitt tímabundna undanþágu frá þeim ráðstöfunum sem tilgreindar eru í 1. tölul. þessarar greinar við þær aðstæður og innan þeirra tímamarka sem ákveðin hafa verið að höfðu samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks.

4. Við veitingu undanþága skv. 3. tölul. þessarar greinar skulu hlutaðeigandi stjórnvöld gera þær ráðstafanir sem þarf til að vernda heilsu launafólks.

4. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu hafa samráð við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks vegna ráðstafana sem gera þarf til þess að fullnægja ákvæðum þessarar samþykktar.

5. gr.

1. Framkvæmd laga og reglugerða, sem settar hafa verið samkvæmt ákvæðum 3. gr. þessarar samþykktar, skal tryggð með fullnægjandi og viðeigandi eftirliti.

2. Í lögum eða reglugerðum landsins skulu vera ákvæði um nauðsynlegar ráðstafanir, þar með talin viðeigandi viðurlög, til þess að unnt sé að beita ákvæðum þessarar samþykktar og tryggja að þeim sé hlítt.

6. gr.

1. Atvinnurekendur skulu gerðir ábyrgir fyrir því að þeim ráðstöfunum, sem áskildar eru, sé framfylgt.

2. Ef tveir eða fleiri atvinnurekendur hafa tekið að sér framkvæmdir samtímis á sama vinnustað skulu þeir hafa samvinnu um að framfylgja áskildum ráðstöfunum en þó firrir það aldrei sérhvern atvinnurekanda ábyrgð á öryggi og heilsu starfsmanna í þjónustu hans. Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu eftir þörfum setja almennar reglur um það hvernig þessari samvinnu skuli hagað.

3. Atvinnurekendur skulu í samvinnu við vinnueftirlit og heilbrigðiseftirlit, að höfðu samráði við viðkomandi trúnaðarmenn starfsmanna, undirbúa ráðstafanir sem grípa má til í neyðartilvikum.

7. gr.

Sú krafa er gerð til starfsmanna, innan marka þeirrar ábyrgðar sem þeim er lögð á herðar, að þeir hlíti þeim öryggis- og hreinlætisreglum sem settar hafa verið um forvarnir gegn, stjórnun á og vernd gegn þeim þáttum sem gætu reynst hættulegir heilsu þeirra vegna asbestmengunar við vinnu.

8. gr.

Atvinnurekendur og starfsmenn eða trúnaðarmenn þeirra skulu hafa svo mikla samvinnu sem unnt er að koma við á öllum sviðum starfseminnar hvað varðar þær ráðstafanir sem mælt er fyrir um í þessari samþykkt.

III. KAFLI

Verndar- og varnaraðgerðir.

9. gr.

Í lögum eða reglugerðum landsins, sem settar eru skv. 3. gr. þessarar samþykktar, skulu vera ákvæði þar sem segir að komið skuli í veg fyrir eða höfð stjórn á asbestmengun með því að beita einni eða fleiri af neðangreindum ráðstöfunum:

- a. fella störf, þar sem hætta er á asbestmengun, undir ákvæði reglugerða þar sem mælt er fyrir um viðeigandi stjórnun verkfræðilegra þátta og vinnuerjur, þar með talið hreinlæti á vinnustað;
- b. setja sérstakar reglur eða mæla fyrir um sérstakar ráðstafanir, þar með taldar heimildir, vegna notkunar asbests eða tiltekinna tegunda asbests eða vara sem innihalda asbest eða vegna tiltekinna vinnuaðferða.

10. gr.

Í lögum eða reglugerðum landsins skulu, þar sem það er nauðsynlegt og tæknilega framkvæmanlegt, vera til að vernda heilsu launafólks ákvæði um eina eða fleiri af neðangreindum ráðstöfunum:

- a. að nota önnur efni eða framleiðsluvörur eða annars konar tækni, sem hlutaðeigandi stjórnvöld hafa metið skaðlaus eða minna skaðleg, í stað asbests eða tiltekinna tegunda asbests eða framleiðsluvara sem innihalda asbest þar sem því verður við komið;
- b. að banna algerlega eða að nokkru leyti notkun asbests eða tiltekinna tegunda asbests eða framleiðsluvara sem innihalda asbest í tiltekinni vinnslu.

11. gr.

1. Notkun krókídólíts og vara sem innihalda slíkar trefjar er bönnuð.
2. Hlutaðeigandi stjórnvöldum skal heimilt, að höfðu samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks, að leyfa undanþágur frá banninu sem tilgreint er í 1. tölul. þessarar greinar þegar því verður ekki með góðu móti við komið að nota önnur efni að því tilskildu að ráðstafanir séu gerðar til þess að tryggja að heilsu launafólks sé ekki stefnt í hættu.

12. gr.

1. Banna skal hvers konar sprautun með efnum sem innihalda asbest.
2. Hlutaðeigandi stjórnvöldum skal heimilt, að höfðu samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks, að leyfa undanþágur frá banninu sem tilgreint er í 1. tölul. þessarar greinar þegar því verður ekki með góðu móti við komið að beita öðrum aðferðum að því tilskildu að ráðstafanir séu gerðar til þess að tryggja að heilsu launafólks sé ekki stefnt í hættu.

13. gr.

Í lögum og reglugerðum landsins skulu vera ákvæði þess efnis að atvinnurekendum skuli vera skylt að tilkynna hlutaðeigandi stjórnvöldum á þann hátt og að því marki sem þau mæla fyrir um tiltekin störf sem hafa í för með sér asbestmengun.

14. gr.

Framleiðendur og seljendur asbests og vara, sem innihalda asbest, skulu bera ábyrgð á fullnægjandi merkingu umbúða og, þar sem það á við, vörunnar á því tungumáli og á þann hátt sem auðskilið er viðkomandi starfsmönnum og notendum, svo sem hlutaðeigandi stjórnvöld hafa mælt fyrir um.

15. gr.

1. Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu ákveða tiltekin mörk asbestmengunar sem starfsmenn mega verða fyrir eða setja aðrar reglur til þess að meta starfsumhverfið hvað varðar asbestmengun.
2. Mörk asbestmengunar eða reglur um asbestmengun skulu vera ákveðnar en reglulega teknar til endurskoðunar og hugsanlegrar breytingar með tilliti til tækniframfara og aukinnar tæknilegrar og vísindalegrar þekkingar.
3. Á öllum vinnustöðum, þar sem starfsmenn verða fyrir asbestmengun, skal atvinnurekandi gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir eða hafa hemil á dreifingu asbests út í andrúmsloftið til þess að tryggt sé að það sé innan leyfðra marka asbestmengunar eða samrýmist reglum um asbestmengun en einnig skal honum skylt að draga eins mikið úr asbestmengun og kostur er.
4. Ef þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið skv. 3. tölul. þessarar greinar, verða þess ekki valdandi að asbestmengun verði minni en sem nemur tilgreindum mengunarmörkum eða fullnægja ekki öðrum reglum um asbestmengun skv. 1. tölul. þessarar greinar skal atvinnurekandi leggja starfsmönnum til, viðhalda og endurnýja eftir þörfum og þeim að kostnaðarlausu viðeigandi öndunarbúnað og sérstakan hlífðarfatnað, svo sem við á. Öndunarbúnaður skal uppfylla skilyrði hlutaðeigandi stjórnvalda og skal nota hann aðeins sem viðbótarbúnað, til bráðabirgða, í neyðartilvikum eða í viðlögum en ekki í staðinn fyrir tæknilega stjórnun.

16. gr.

Sérhver atvinnurekandi er ábyrgur fyrir varanlegum ráðstöfunum og aðgerðum til þess að koma í veg fyrir og hafa hemil á því að starfsmenn í þjónustu hans verði fyrir asbestmengun og vernda þá fyrir þeim hættum sem stafa af asbesti.

17. gr.

1. Niðurrif verksmiðja eða mannvirkja, sem innihalda auðmulin asbesteingrunar-efni, svo og brottnám asbests úr húsum eða öðrum mannvirkjum þar sem hætt er við að asbestagnir dreifist um andrúmsloftið, skal aðeins fela þeim atvinnurekendum eða verktökum sem hlotið hafa viðurkenningu hlutaðeigandi stjórnvalda til þess að framkvæma slíka vinnu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og hafa fengið heimild til þess að taka að sér slíkar framkvæmdir.

2. Atvinnurekanda eða verktaka er skylt, áður en niðurrif hefst, að gera verkáætlun þar sem tilgreindar eru þær ráðstafanir sem fyrirhugaðar eru, þar með taldar ráðstafanir til þess að:

- a. veita starfsmönnum alla nauðsynlega vernd;
- b. takmarka dreifingu asbestryks út í andrúmsloftið; og
- c. farga úrgangi sem inniheldur asbest samkvæmt ákvæðum 19. gr. þessarar samþykktar.

3. Haft skal samráð við starfsmenn eða trúnaðarmenn þeirra um verkáætlun þá sem tilgreind er í 2. tölul. þessarar greinar.

18. gr.

1. Þar sem eigin fatnaður starfsmanna getur mengast af asbestryki skal atvinnurekandi, samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða landsins og að höfðu samráði við trúnaðarmenn starfsmanna, leggja þeim til viðeigandi vinnufatnað sem ekki má nota utan vinnustaðar.

2. Meðferð og hreinsun notaðs vinnufatnaðar og sérstaks hlífðarfatnaðar skal fara fram við aðstæður sem hlutaðeigandi stjórnvöld mæla fyrir um til þess að koma í veg fyrir dreifingu asbestryks.

3. Í lögum eða reglugerðum landsins skulu vera ákvæði sem banna að starfsmenn taki heim með sér vinnuföt, sérstök hlífðarföt eða persónulegan varnarbúnað.

4. Atvinnurekanda er skylt að sjá um hreinsun, viðhald og geymslu vinnufatnaðar, sérstakra hlífðarfata og persónulegs varnarbúnaðar.

5. Atvinnurekandi skal veita starfsmönnum, sem verða fyrir asbestmengun, aðstöðu til að þvo sér eða fara í bað (kerlaug eða steypibað) á vinnustað eftir því sem við á.

19. gr.

1. Atvinnurekendur skulu, samkvæmt lögum og venjum landsins, farga úrgangi sem inniheldur asbest á þann hátt að það stofni ekki heilsu hlutaðeigandi starfsmanna í hættu, þar með töldum þeim sem meðhöndla asbestúrgang og íbúum í næsta nágrenni fyrirtækisins.

2. Hlutaðeigandi stjórnvöld og atvinnurekendur skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengun umhverfis af völdum asbestryks frá vinnustaðnum.

IV. KAFLI

Eftirlit með starfsumhverfi og heilsu launafólks.

20. gr.

1. Þar sem þess er þörf, launafólki til heilsuverndar, skal atvinnurekandi mæla magn svífandi asbestryks á vinnustöðum og fylgjast með því með reglulegu millibili fyrir hve mikilli asbestmengun starfsmenn verða og skal hann nota aðferðir sem hlutaðeigandi stjórnvöld hafa mælt fyrir um.

2. Skýrslur um eftirlit með starfsumhverfinu og fyrir hve mikilli asbestmengun starfsmenn verða skulu varðveittar eins lengi og hlutaðeigandi stjórnvöld mæla fyrir um.

3. Hlutaðeigandi starfsmenn, trúnaðarmenn þeirra og eftirlitsstofnanir skulu eiga aðgang að þessum skýrslum.

4. Launafólk eða trúnaðarmenn þess hefur rétt til að óska eftir eftirliti með starfsumhverfinu og leita til hlutaðeigandi stjórnvalda varðandi niðurstöður slíks eftirlits.

21. gr.

1. Launafólk, sem verður fyrir eða hefur orðið fyrir asbestmengun, skal eiga kost á, samkvæmt lögum og venjum landsins, læknisskoðunum sem nauðsynlegar eru til þess að fylgjast með heilsu þess vegna þeirrar hættu sem starfinu er samfara og greina atvinnusjúkdóma af völdum asbestmengunar.

2. Eftirlit með heilsu launafólks í sambandi við asbestvinnu skal ekki valda því tekjutapi. Það skal vera því að kostnaðarlausu og fara fram í vinnutíma eftir því sem hægt er.

3. Launafólk skal fá fullnægjandi upplýsingar um niðurstöður læknisrannsókna, á viðeigandi hátt, svo og persónulegar ráðleggingar um heilsu sína í sambandi við starfið.

4. Ef í ljós kemur að óráðlegt sé af læknisfræðilegum ástæðum að launafólk haldi áfram starfi þar sem það verður fyrir asbestmengun, skal leita allra ráða miðað við ástand og venjur í þjóðfélaginu til þess að útvega því önnur úrræði til tekjuöflunar.

5. Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu koma sér upp sérstöku flokkunarkerfi um atvinnusjúkdóma sem stafa af asbesti.

V. KAFLI

Upplýsingar og fræðsla.

22. gr.

1. Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu gera viðeigandi ráðstafanir, í samráði og samvinnu við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks, til þess að stuðla að dreifingu upplýsinga og fræðslu til allra viðkomandi aðila varðandi þá hættu fyrir heilsu launafólks sem asbestmengun veldur, varnir og eftirlit.

2. Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu ganga úr skugga um það að atvinnurekendur hafi skráðar reglur og starfshætti um fræðslu og reglubundna þjálfun fyrir launafólk um hættuna af völdum asbests og hvaða aðferðum má beita til varnar gegn henni og til eftirlits.

3. Atvinnurekandi skal tryggja að allir starfsmenn sem hafa þegar orðið fyrir eða munu að öllum líkindum verða fyrir asbestmengun fái upplýsingar um þá hættu sem heilsu þeirra er búin vegna starfsins, fái fræðslu í forvörnum og réttum vinnuháttum og stöðuga þjálfun á þessu sviði.

VI. KAFLI

Lokaákvæði.

23. gr.

Formlegar fullgildingar þessarar samþykktar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumála-skrifstofunnar til skrásetningar.

24. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem látið hafa forstjóra skrá fullgildingar sínar.

2. Hún skal öðlast gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

25. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumála-skrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Hvert aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

26. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnuáskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skrásetningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjóri tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin öðlast gildi.

27. gr.

Forstjóri alþjóðavinnuáskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

28. gr.

Þegar stjórn alþjóðavinnuáskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

29. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg, skal:

- a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar hvað sem ákvæðum 25. gr. hér að framan líður ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist;
- b. aðildarríkjum er ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.

2. Þessi samþykkt skal hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi til og efni hvað snertir þau aðildarríki sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

30. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal II.

Tillaga nr. 172, um öryggi við notkun asbests.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, sem kom saman til 72. þingsetu sinnar í Genf 4. júní 1986 eftir kvaðningu stjórnar alþjóðavinnuáskrifstofunnar,

minnist alþjóðavinnuáskrifstofunnar og -tillagna, sem þetta mál varða, og þá einkum samþykktar og tillögu um varnir gegn krabbameini á vinnustöðum frá 1974, samþykktar og tillögu um starfsumhverfi (loftmengun, hávaða og titring) frá 1977, samþykktar og tillögu

um öryggi og heilbrigði við vinnu frá 1981, samþykktar og tillögu um heilsugæslu á vinnustöðum frá 1985,

minnist endurskoðaðrar skrár um atvinnusjúkdóma frá 1980 sem er viðauki við samþykkt um bætur vegna vinnuslysa frá 1964 auk **öryggisreglna við notkun asbests** sem alþjóðavinnuáskrifstofan gaf út 1984 og liggja til grundvallar stefnumörkun og framkvæmdum á landsvísu, og

hefur samþykkt tiltekna ábendingar um öryggi við notkun asbests sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tillögu sem verði viðauki við samþykkt um öryggi við notkun asbests, 1986, gerir þingið í dag, 24. júní 1986, eftirfarandi tillögu sem nefna má tillögu um öryggi við notkun asbests, 1986.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. (1) Ákvæði samþykktar um öryggi við notkun asbests, 1986, og þessarar tillögu ættu að ná til allra starfa þar sem hættu er á að launafólk verði fyrir asbestmengun.

(2) Ráðstafanir skyldi gera, í samræmi við lög og venjur landsins, til þess að veita þeim mönnum sem starfa sjálfstætt sams konar vernd og fyrir er mælt í samþykkt um öryggi við notkun asbests, 1986, og þessari tillögu.

(3) Sérstaklega skal gefa gaum að því þegar ungmenni undir 18 ára aldri eru fengin til starfa þar sem hættu er á asbestmengun samkvæmt fyrirmælum hlutaðeigandi stjórnvalda.

2. Störf, sem fela í sér hættu á asbestmengun, eru einkum þessi:

- a. námugróftur eftir steinefnum og mölun steinefna sem innihalda asbest;
- b. framleiðsla efna eða vara sem innihalda asbest;
- c. notkun vara sem innihalda asbest;
- d. sundurtekt, viðgerðir eða viðhald vara sem innihalda asbest;
- e. niðurrif, viðgerðir eða viðhald verksmiðju eða annars mannvirkis sem inniheldur asbest;
- f. flutningur, geymsla og meðhöndlun asbests eða efna sem innihalda asbest;
- g. önnur störf sem fela í sér hættu á asbestmengun af völdum svífandi asbestryks.

3. Í þessari samþykkt tákna:

- a. hugtakið „asbest“ þráðlaga silíkat-steinefni í serpentín-flokki steinefna, þ.e. krýsótíl (hvítt asbest) og í amfiból-flokki, þ.e. aktínólít, amósít (brúnt asbest, kummingtónít-grúnerít), anþófillít, krókídólít (blátt asbest), tremólít eða hverja þá blöndu efna sem inniheldur eitt eða fleiri þessara efna;
- b. hugtakið „asbestryk“ svífandi asbestagnir eða kyrrstæðar asbestagnir sem hættu er á að geti orðið svífandi í starfsumhverfinu;
- c. hugtakið „svífandi asbestryk“, hvað varðar mælingu, rykagnir sem mældar hafa verið með þyngdarsviðsmæli eða annarri sambærilegri aðferð;
- d. hugtakið „asbestþræðir sem unnt er að anda að sér“ asbestþræði sem eru minni en 3 míkrometrar í þvermál og eru a.m.k. þrisvar sinnum lengri en nemur þvermáli. Aðeins þeir þræðir, sem eru lengri en 5 míkrometrar, eru taldir með í mælingum;
- e. hugtakið „að verða fyrir asbestmengun“ að verða fyrir áhrifum svífandi asbestþræða sem unnt er að anda að sér eða asbestryks hvort sem rekja má uppruna þeirra til asbeststeinefna eða annarra efna eða afurða sem innihalda asbest;
- f. hugtakið „launafólk“ einnig félaga í framleiðslusamvinnufélögum;
- g. hugtakið „trúnaðarmenn launafólks“ þá trúnaðarmenn launafólks sem hafa hlotið viðurkenningu sem slíkir samkvæmt landslögum eða venjum í samræmi við samþykkt um trúnaðarmenn verkamanna frá 1971.

II. KAFLI

Almenn ákvæði.

4. Þær ráðstafanir, sem mælt er fyrir um í 3. gr. samþykktar um öryggi við notkun asbests, 1986, ættu að vera nægilega víðtækar til þess að ná til hvers konar hættu vegna asbestmengunar í öllum greinum atvinnulífsins og við ákvörðun þeirra ætti að taka fullt tillit til 1. og 2. gr. samþykktar um varnir gegn krabbameini á vinnustöðum frá 1974.

5. Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu reglulega að taka til endurskoðunar þær ráðstafanir sem mælt er fyrir um með tilliti til **öryggisreglna við notkun asbests** sem alþjóðavinnumála-skrifstofan gaf út, svo og annarra öryggisreglna eða leiðbeininga sem alþjóðavinnumála-skrifstofan kann að gefa út, og niðurstaðna sérfræðingafunda sem hún kann að kveðja saman en einnig upplýsinga frá öðrum hæfum aðilum um asbest og þau efni önnur sem gætu komið í staðinn fyrir það.

6. Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að beita ákvæðum þessarar tillögu að höfðu samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launþega.

7. (1) Atvinnurekandi ætti að beita öllum viðeigandi ráðum til þess að koma í veg fyrir eða hafa hemil á asbestmengun, að höfðu samráði við og í samvinnu við starfsmenn eða trúnaðarmenn þeirra, og skal þá tekið tillit til ráðlegginga frá hæfum aðilum, svo sem heilsugæslu starfsmanna.

(2) Í samræmi við lög og venjur landsins gætu samráð og samvinna milli atvinnurekanda og starfsmanna hans verið með þeim hætti að tilnefndir væru:

- a. öryggisfulltrúar starfsmanna;
- b. fulltrúar í öryggis- og heilbrigðisnefndir starfsmanna eða sameiginlegar öryggis- og heilbrigðisnefndir; eða
- c. aðrir fulltrúar starfsmanna.

8. Starfsmönnum, sem vinna með asbest eða vörur sem innihalda asbest, ætti að vera skylt, innan marka þeirrar ábyrgðar sem þeim er lögð á herðar, að hlíta þeim öryggis- og hreinlætisreglum sem settar hafa verið, þar með talin notkun hlífðarbúnaðar.

9. (1) Starfsmaður, sem hefur gengið frá verki vegna þess að hann hefur ástæðu til að ætla að lífi hans eða heilsu stafi af því alvarleg hættu, ætti að:

- a. gera næsta yfirmanni sínum viðvart;
- b. vera verndaður fyrir aðgerðum til refsingar eða ögunar eftir aðstæðum og venjum í landinu.

(2) Engar ráðstafanir skyldi gera sem skaðað gætu starfsmann sem hefur í góðri trú kvartað undan því sem hann taldi vera frávik frá kröfum laga eða verulega ófullnægjandi ráðstafanir af hálfu atvinnurekanda hvað varðar öryggi og heilsu starfsmanna í starfsumhverfinu.

Verndar- og varnaraðgerðir.

10. (1) Hlutaðeigandi stjórnvöld skyldu tryggja að launafólk verði ekki fyrir asbestmengun eða hemill sé hafður á henni með því að mæla fyrir um eftirlit og vinnuvenjur, þar með talið hreinlæti á vinnustað, sem veitir launafólki eins mikla vernd og kostur er á.

(2) Hlutaðeigandi stjórnvöld skyldu, eftir því hve mikil asbestmengunin er og eftir ástandi og aðstæðum á vinnustað, svo og í ljósi niðurstaðna vísindarannsókna og tækniframfara, ganga úr skugga um það reglulega:

- a. hvaða tegundir asbests eða vörur, sem innihalda asbest, ættu að vera háðar leyfum varðandi notkun, svo og hvaða vinnuaðferðir ættu að vera háðar leyfum;
- b. hvaða tegund asbests eða vörur, sem innihalda asbest, ætti að banna algerlega eða að nokkru leyti notkun á, svo og vinnuaðferðir þar sem notkun asbests eða tiltekinn tegunda asbests eða vara, sem innihalda asbest, ætti að vera bönnuð.

(3) Bann við eða heimild til notkunar tiltekinna tegunda asbests eða vara sem innihalda asbest, svo og notkun annarra efna í þeirra stað, ætti að byggjast á vísindalegu mati á því hve hættuleg þau eru heilsu manna.

11. (1) Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að stuðla að rannsóknum á tæknilegum og heilsufarslegum vandamálum varðandi asbestmengun, efnum sem nota má í stað asbests og annarri tækni.

(2) Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að stuðla að rannsóknum á og þróun vara sem innihalda asbest eða önnur efni í stað asbests eða þróun annarrar tækni sem er skaðlaus eða minna skaðleg í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr hættu fyrir launafólki.

12. (1) Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að krefjast þess að önnur efni séu notuð í stað asbests hvar sem því verður við komið og það er talið nauðsynlegt til verndar launafólki.

(2) Áður en önnur efni eru samþykkt til hvers konar notkunar ætti að prófa vandlega hvort þau geta verið skaðleg heilsu manna. Stöðugt skal fylgst með heilsu launafólks sem verður fyrir mengun frá slíkum efnum ef það er talið nauðsynlegt.

13. (1) Til þess að tryggja það að lögum og reglugerðum landsins sé framfylgt ættu hlutaðeigandi stjórnvöld að mæla fyrir um hvaða upplýsingar eiga að felast í tilkynningum um vinnu við asbest skv. 13. gr. samþykktar um öryggi við notkun asbests, 1986.

(2) Í þessum upplýsingum ætti einkum að koma fram:

- a. tegund og magn asbests sem notað er;
- b. framkvæmdir og vinnuaðferðir;
- c. hvaða vörur eru framleiddar;
- d. fjöldi starfsmanna sem verður fyrir asbestmengun og hve oft þeir verða fyrir slíkri mengun;
- e. varnar- og verndaraðgerðir sem gerðar eru til þess að fullnægja ákvæðum laga og reglugerða;
- f. allar aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að vernda heilsu starfsmanna.

14. (1) Niðurrif þeirra hluta verksmiðja eða mannvirkja sem innihalda auðmulin asbesteina grunarefni og brottnám asbests úr húsum eða mannvirkjum, þar sem hætt er við að asbestagnir dreifist um andrúmsloftið, ætti aðeins að vera heimilt þeim sem til þess hafa fengið sérstakt leyfi sem aðeins skyldi veitt þeim atvinnurekendum eða verktökum sem hlotið hafa viðurkenningu hlutaðeigandi stjórnvalda til þess að framkvæma slíka vinnu samkvæmt ákvæðum þessarar tillögu.

(2) Atvinnurekandi eða verktaki ætti, áður en niðurrif eða brottnám hefst, að gera verkáætlun þar sem tilgreindar eru þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru áður en hafist er handa, þar með taldar ráðstafanir til þess að:

- a. veita starfsmönnum þá vernd sem nauðsynleg er;
- b. takmarka dreifingu asbestryks út í andrúmsloftið;
- c. gera þeim starfsmönnum, sem kynnu að verða fyrir asbestmengun, grein fyrir því að asbestryk gæti dreifst út í andrúmsloftið, hvaða almennar ráðstafanir og búnað skyldi nota og hvaða varúðarráðstafanir skuli gera;
- d. farga úrgangi sem inniheldur asbest, skv. 28. gr. þessarar tillögu.

(3) Hafa skyldi samráð við starfsmenn eða trúnaðarmenn þeirra verkáætlunina sem um var getið í tölulið (2) hér að ofan.

15. (1) Sérhver atvinnurekandi ætti að stofna til og framfylgja áætlun um að koma í veg fyrir og hafa hemil á asbestmengun sem starfsmenn hans verða fyrir og skyldi það gert með þátttöku þeirra. Þessi áætlun skyldi endurskoðuð reglulega í samræmi við breytingar á vinnuaðferðum og vélum sem notaðar eru eða tækni og aðferðum sem beitt er til forvarna og eftirlits.

(2) Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu, í samræmi við venjur landsins, að hlaupa einkum undir bagga með litlum fyrirtækjum, þar sem skorta kann á tækniþekkingu eða aðstöðu, við að stofna til forvarnaáætlana í þeim tilvikum þar sem hætt er við asbestmengun.

16. Beita ætti varnarbúnaði og viðeigandi vinnuaðferðum til þess að koma í veg fyrir að asbestryk berist út í andrúmsloftið á vinnustöðum. Jafnvel þar sem asbestmengun er innan settra marka og farið er að öðrum reglum varðandi asbestmengun skyldu ofangreindar ráðstafanir gerðar til þess að draga eins mikið úr asbestmengun og kostur er.

17. Ráðstafanir, sem gera ætti til að koma í veg fyrir að launafólk verði fyrir asbestmengun, hafa hemil á henni og koma í veg fyrir hana, ættu einkum að vera fólgnar í því sem hér segir:

- a. aðeins skyldi nota asbest þar sem unnt er að koma í veg fyrir eða hafa hemil á því að það valdi hættu; annars ætti að nota önnur efni í staðinn þar sem það er tæknilega mögulegt eða beita annarri tækni sem sannað hefur verið á vísindalegan hátt að er skaðlaus eða minna skaðleg;
- b. þess skyldi gætt að fjöldi starfsmanna við störf þar sem gætir asbestmengunar, svo og sá tími sem þeir verða fyrir mengun, sé í því lágmarki að unnt sé að vinna verkið á öruggan hátt;
- c. nota ætti vélar, tæki og vinnuaðferðir sem hindra eða draga úr myndun asbestryks og einkum dreifingu þess út í andrúmsloftið og umhverfið;
- d. vinnusvæði, þar sem notkun asbests getur leitt til þess að asbestryk dreifist út í andrúmsloftið, skyldu aðskilin frá almennum vinnusvæðum til þess að koma í veg fyrir að aðrir starfsmenn verði fyrir asbestmengun;
- e. vinnusvæði, þar sem hættu er á asbestmengun, skyldu greinilega afmörkuð og þar höfð uppi viðvörðunarkerki þess efnis að sérstaka heimild þurfi til þess að fara inn á svæðið;
- f. skráð skyldi í hvaða hlutum bygginga notað hefur verið asbest.

18. (1) Notkun krókídólíts og vara, sem innihalda slíkar trefjar, ætti að banna.

(2) Hlutaðeigandi stjórnvöldum skal heimilt, að höfðu samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks, að leyfa undanþágur frá banninu sem tilgreint er í töluð (1) hér að ofan þegar því verður ekki við komið að nota önnur efni að því tilskildu að ráðstafanir séu gerðar til þess að tryggja að heilsu launafólks sé ekki stefnt í hættu.

19. (1) Sprautun með hvers konar asbesti ætti að banna.

(2) Banna ætti notkun auðmulinna asbesteinaangrunarefna.

(3) Hlutaðeigandi stjórnvöldum skyldi heimilt, að höfðu samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks, að leyfa undanþágur frá banninu sem kveðið er á um í töluðum (1) og (2) hér að ofan þegar því verður ekki við komið að beita öðrum aðferðum að því tilskildu að ráðstafanir séu gerðar til þess að tryggja að heilsu verkamanna sé ekki stefnt í hættu.

20. (1) Framleiðendur og seljendur asbests og vara, sem innihalda asbest, ættu að bera ábyrgð á viðeigandi og fullnægjandi merkingu umbúða eða vöru.

(2) Í lögum eða reglugerðum landsins ættu að vera ákvæði þess efnis að merking vöru sé á því tungumáli eða tungumálum sem eru almennt töluð í landinu og komi þar fram að umbúðirnar eða varan innihaldi asbest, að það sé hættulegt heilsu manna að anda að sér asbestryki og viðeigandi varúðarráðstafanir skuli gerðar.

(3) Í lögum eða reglugerðum landsins ættu að vera ákvæði sem gera framleiðendur og seljendur asbests og vara, sem innihalda asbest, skylt að láta útbúa og hafa til reiðu upplýsingamiða um asbestinnihald, að hvaða leyti hún er hættuleg heilsu manna og hvaða varúðarráðstafanir skyldi gera við notkun efnisins eða varanna.

21. Eftirlit það, sem ákvæði eru um í 5. gr. samþykktar um öryggi við notkun asbests, 1986, ætti að byggjast á ákvæðum samþykktar um vinnueftirlit frá 1947. Eftirlitið ætti að vera í höndum manna sem til þess hafa sérstök réttindi. Eftirlitið ætti að hafa aðgang að þeim upplýsingum sem getið er um í 13. gr. hér að ofan hjá atvinnurekanda.

22. (1) Mörk mengunar skyldu miðuð við magn asbests í andrúmsloftinu innan ákveðinna tímamarka, oftast 8 stunda á dag og 40 stunda á viku, og viðurkennda aðferð til sýnatöku og mælinga.

(2) Mörk mengunar skyldu tekin til reglulegrar endurskoðunar og þeim breytt með tilliti til tækniframfara og aukinnar tæknilegrar og læknisfræðilegrar þekkingar.

23. Tækjabúnaður, loftræstikerfi, vélar og hlífðarbúnaður til þess að hafa hemil á mengun af völdum asbests skyldi vera undir reglulegu eftirliti og honum vel við haldið.

24. Vinnustaðir skyldu hreinsaðir með öruggum hætti, eins oft og þörf krefur, til þess að koma í veg fyrir að asbests safnist fyrir. Ákvæði samþykktar um öryggi við notkun asbests, 1986, og þessarar tillögu skyldu ná til ræstingafólks.

25. (1) Þegar ekki reynist unnt að koma í veg fyrir eða hafa hemil á hættu af völdum svífandi asbests ætti atvinnurekandi að leggja starfsmönnum til, viðhalda og endurnýja eftir þörfum, starfsmönnum að kostnaðarlausu, viðeigandi öndunarbúnað til varnar og sérstakan hlífðarfatnað, svo sem við á. Í slíkum tilvikum ætti að krefjast þess að starfsmenn noti slíkan búnað.

(2) Öndunarbúnaður skyldi uppfylla skilyrði hlutaðeigandi stjórnvalda og skyldi nota hann aðeins sem viðbótarbúnað, til bráðabirgða, í neyðartilvikum eða í viðlögum en ekki í staðinn fyrir tæknilegt eftirlit.

(3) Þegar þess er krafist að starfsmenn noti öndunarbúnað ætti að sjá þeim fyrir hæfilegum vinnuhléum í viðeigandi afdrepum og þannig tekið tillit til þess líkamlega álags sem notkun slíks búnaðar veldur.

26. (1) Þar sem eigin fatnaður starfsmanna getur mengast af asbests skal atvinnurekandi, samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða landsins og að höfðu samráði við trúnaðarmenn starfsmanna, leggja starfsmönnum til viðeigandi vinnufatnað, þeim að kostnaðarlausu, og skyldi ekki nota hann utan vinnustaðarins.

(2) Atvinnurekendur skyldu veita starfsmönnum fullnægjandi upplýsingar með viðeigandi hætti um það hvaða heilsufarsleg hættu fjölskyldum þeirra eða öðrum gæti verið búin ef þeir taka heim með sér fót sem eru menguð asbests.

(3) Meðferð og hreinsun notaðs vinnufatnaðar og sérstaks hlífðarfatnaðar skyldi fara fram undir sérstöku eftirliti, svo sem hlutaðeigandi stjórnvöld mæla fyrir um, til þess að koma í veg fyrir dreifingu asbests.

27. (1) Starfsmenn, sem verða fyrir asbestmengun, ættu að hafa aðgang að tvískiptu rými til fataskipta, aðstöðu til þvotta, steypibaðs og afdreps, eftir því sem við á.

(2) Starfsmönnum skyldi gefinn hæfilegur tími, á vinnutíma, til þess að skipta um fót og fara í steypibað eða þvo sér að vinnutíma loknum, í samræmi við venjur landsins.

28. (1) Atvinnurekendur ættu, samkvæmt lögum og venjum landsins, að farga úrgangi, sem inniheldur asbest, á þann hátt að það stofni ekki heilsu viðkomandi starfsmanna í hættu, þar með taldir þeir sem meðhöndla asbestúrgang og íbúar í næsta nágrenni fyrirtækisins.

(2) Hlutaðeigandi stjórnvöld og atvinnurekendur skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengun umhverfis af völdum asbests frá vinnustaðnum.

IV. KAFLI

Eftirlit með starfsumhverfi og heilsu launafólks.

29. Í þeim tilvikum, sem stjórnvöld krefjast þess, skyldi atvinnurekandi sjá til þess að fylgst sé með magni svífandi asbestryks á vinnustað á kerfisbundinn hátt og fyrir hve mikilli asbestmengun starfsmenn verða og hve lengi og einnig að eftirlit sé haft með heilsu starfsmanna.

30. (1) Í mælingum eða útreikningum á asbestmengun, sem starfsmenn verða fyrir, skyldi miða við meðalrykmagn á ákveðnum tímum á tilteknu tímabili.

(2) Aðeins þeir menn, sem til þess hafa fengið sérstök réttindi, skyldu framkvæma sýnatöku og mælingar á magni svífandi asbestryks og beita við þær aðferðum sem hlutaðeigandi stjórnvöld hafa samþykkt.

(3) Tíðni og eðli sýnatöku og mælinga ætti að miða við það hve mikil hættan er, breytingar á vinnuaðferðum eða aðrar aðstæður sem máli skipta.

(4) Þegar hlutaðeigandi stjórnvöld meta hættuna ættu þau að taka tillit til hættunnar af öllum stærðum asbesttrefja.

31. (1) Til þess að vernda launafólk fyrir sjúkdómum og tjóni á starfshæfni þess vegna asbestmengunar skyldi öllum starfsmönnum sem falin eru störf þar sem þeir verða fyrir asbestmengun, eftir því sem við á, gefinn kostur á:

- a. lækni- og sköðun áður en þeir hefja starf;
- b. reglulegum lækni- og sköðunum með hæfilegu millibili;
- c. öðrum prófunum og rannsóknum, einkum röntgenmyndum af brjóstakassa og prófunum á starfshæfni lungna, sem geta reynst nauðsynlegar til þess að fylgjast með heilsu þeirra varðandi þá hættu sem þeim er búin í starfi og til að greina fyrstu einkenni sjúkdóma sem asbest veldur.

(2) Hlutaðeigandi stjórnvöld skyldu ákveða hve langur tími má líða milli lækni- og sköðana og hafa þá hliðsjón af því fyrir hve mikilli asbestmengun starfsmenn verða og heilsu þeirra miðað við þá hættu sem þeir verða fyrir á vinnustað.

(3) Hlutaðeigandi stjórnvöld skyldu tryggja það að ráðstafandir séu gerðar, í samræmi við lög og venjur landsins, til þess að starfsmönnum sé gefinn kostur á viðeigandi lækni- og sköðunum eftir að verki er lokið þar sem þeir hafa orðið fyrir asbestmengun.

(4) Skoðanir, prófanir og rannsóknir sem tilgreindar eru í töluliðum (1) og (3) hér að ofan ættu að fara fram í vinnutíma, ef því verður við komið, og vera starfsmönnum að kostnaðarlausu.

(5) Ef niðurstöður lækni- og sköðulegra prófana eða rannsókna leiða í ljós tiltekin sjúkdómseinkenni eða vott um þau hjá starfsmönnum skyldi gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum mengunarinnar og hindra að heilsu þeirra hraki frekar en orðið er.

(6) Niðurstöður lækni- og sköðulegra skyldi nota til þess að meta heilsu í tengslum við áhrif asbestmengunar en ekki til þess að mismuna starfsmanni.

(7) Niðurstöður lækni- og sköðulegra skyldi hafa til hliðsjónar þegar starfsmanni er fengið annað starf sem hæfir heilsu hans.

(8) Launafólk, sem er háð heilsufarslegu eftirliti, skyldi eiga:

- a. rétt til þess að farið sé með persónulegar og lækni- og sköðulegar upplýsingar um það sem trúnaðarmál;
- b. rétt til tæmandi og nákvæmra útskýringa á tilgangi eftirlitsins og niðurstöðum þess;
- c. rétt til þess að hafna lækni- og sköðulegum sem misbjóða sjálfsvirðingu þess.

32. Launafólk skal fá upplýsingar um niðurstöður læknisskoðana á fullnægjandi og viðeigandi hátt í samræmi við venjur landsins, svo og persónulegar ráðleggingar um heilsu í sambandi við starfið.

33. Ef atvinnusjúkdómur af völdum asbests hefur verið greindur af heilsugæslunni skyldi hlutaðeigandi stjórnvöldum gert viðvart í samræmi við lög og venjur landsins.

34. Ef í ljós kemur að óráðlegt sé af læknisfræðilegum ástæðum að launafólk haldi áfram starfi þar sem það verður fyrir áhrifum asbestmengunar skal leita allra ráða, miðað við ástand og venjur í þjóðfélaginu, til þess að útvega því önnur úrræði til tekjuöflunar.

35. Í lögum eða reglugerðum landsins ættu að vera ákvæði um bætur til handa launafólki, sem fær sjúkdóm eða skerta starfsorku vegna asbestmengunar, í samræmi við samþykkt um bætur vegna slysa við vinnu frá 1964.

36. (1) Skýrslur um eftirlit með starfsumhverfinu skyldi geyma í a.m.k. 30 ár.

(2) Skýrslur um eftirlit með áhrifum asbestmengunar á launafólk, svo og þann hluta læknisfræðilegrar spjaldskrár þess þar sem fjallað er um hættu vegna asbestmengunar, og lungnamyndir skyldi geyma í a.m.k. 30 ár eftir að verki er lokið þar sem það varð fyrir áhrifum asbestmengunar.

37. Hlutaðeigandi starfsmenn, trúnaðarmenn þeirra og eftirlitsstofnanir skyldu eiga aðgang að skýrslum um eftirlit með starfsumhverfinu.

38. Ef fyrirtæki hættir rekstri eða eftir að starfsmaður lætur af störfum skyldu skýrslur og upplýsingar skv. 36. tölul. hér að ofan varðveittar samkvæmt fyrirmælum hlutaðeigandi stjórnvalda.

39. Í samræmi við þríhliða viljayfirlýsingu um fjölbjóðafyrirtæki og félagslega stefnu, sem stjórn alþjóðavinnuáskrifstofunnar hefur samþykkt, skyldi fyrirtæki, sem starfar í einu landi eða mörgum og hefur eitt útibú eða fleiri, vera skylt að gera varúðarráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, hafa hemil á og veita starfsmönnum í öllum deildum fyrirtækisins, á hvaða stað eða í hvaða landi sem þeir eru, vörn fyrir þeirri hættu sem fólgin er í asbestmengun án þess að þeim sé mismunað á nokkurn hátt.

V. KAFLI

Upplýsingar og fræðsla.

40. Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að gera ráðstafanir til þess að stuðla að þjálfun og upplýsingu allra þeirra sem málið varðar hvað við kemur að koma í veg fyrir, hafa hemil á og vernda launafólk fyrir heilsutjóni af völdum asbestmengunar við vinnu.

41. Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks, að gefa út viðeigandi fræðslubæklinga fyrir atvinnurekendur, launafólk og aðra.

42. Atvinnurekendur ættu að tryggja að starfsmenn, sem eiga á hættu að verða fyrir asbestmengun, fái reglulega þjálfun og fræðslu, þeim að kostnaðarlausu, á því máli og með þeim hætti sem þeim er auðskilinn um áhrif þess konar mengunar á heilsuna, til hvaða ráðstafana má grípa til þess að koma í veg fyrir og hafa hemil á asbestmengun en einkum um réttar vinnuvenjur sem koma í veg fyrir og hafa hemil á myndun og dreifingu asbestryks út í andrúmsloftið og notkun almenns og persónulegs hlífðarbúnaðar sem er starfsmönnum til reiðu.

43. Í fræðslunni ætti að vekja athygli á þeirri sérstöku hættu fyrir heilsu launafólks sem skapast af reykingum og asbestmengun í sameiningu.

44. Samtök atvinnurekenda og launafólks ættu að hafa samvinnu um og stuðla að áætlunum um þjálfun, upplýsingar, forvarnir, eftirlit og heilsuvernd varðandi hættuna sem launafólki, sem verður fyrir asbestmengun, er búin.

Fylgiskjal III.

Gerð um breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem stjórnarnefnd alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar stefndi saman til 72. fundar í Genf hinn 4. júní 1986, hefur ákveðið að
gera tilteknar breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Var það atriði 7.
mál á dagskrá þingsins, og samþykkti allsherjarþingið því hinn 24. júní 1986 að breyta
stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar samkvæmt eftirfarandi gerð, er nefnist „gerð
um breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá 1986“.

1. gr.

Núgildandi texta stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem ritaður er í fyrra
dálki fylgiskjals með gerð þessari, skal frá gildistöku hennar breytt í þann texta sem
ritaður er í síðari dálki fylgiskjalsins.

2. gr.

Forseti allsherjarþingsins og aðalforstjóri alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar skulu stað-
festa tvö samrit af gerð þessari með undirskrift sinni, og skal öðru samritinu komið til
varðveislu í skjalasafni alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar, en hitt skal sent aðalritara Sameinuðu þjóðanna til
skrasetningar í samræmi við 102. gr. stofnskrár hinna Sameinuðu þjóða.
Aðalforstjórinn skal senda öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar staðfest
eftirrit gerðarinnar.

3. gr.

1. Gerð þessi um breytingu á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skal, er hún
hefur verið formlega fullgilt eða samþykkt, send aðalforstjóra alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar, og skal hann tilkynna aðildarríkjum stofnunarinnar að hann hafi veitt henni viðtöku.

2. Þessi gerð skal öðlast gildi í samræmi við ákvæði 36. gr. stofnskrár Alþjóðavinnu-
málastofnunarinnar.

3. Þegar þessi gerð hefur öðlast gildi skal aðalforstjóri alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar tilkynna það öllum aðildarríkjum stofnunarinnar, og aðalritara hinna Sameinuðu þjóða.

Fylgiskjal.

Stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Ákvæði í gildi 24. júní 1986.¹⁾

1. gr.

4. Allsherjarþing Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar má einnig taka ríki í félagatölu, þegar $\frac{2}{3}$ hlutar þeirra fulltrúa, er á

Breytt ákvæði.

1. gr.

4. Allsherjarþing Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar má einnig taka ríki í félagatölu, þegar $\frac{2}{3}$ hlutar þeirra fulltrúa, er á

¹⁾ Orð þau, sem felld eru niður úr ákvæðum sem í gildi voru 24. júní 1986, eru í hornklofum.
Nýmæli og viðbætur í hinum breytta texta eru skáletruð.

þingi sitja, [greiða því atkvæði, enda séu þá $\frac{2}{3}$ af fulltrúum ríkisstjórna viðstaddir og greiði atkvæði]. Skal slík aðild ríkis öðlast gildi, þegar ríkisstjórn þess hefur tilkynnt aðalforstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar á formlegan hátt að hún játist undir skuldbindingar þær, er greinir í stofnskránni.

3. gr.

9. Þingið skal rannsaka skilríki fulltrúa og ráðunauta þeirra, og getur það með $\frac{2}{3}$ atkvæða [viðstaddra fulltrúa] varnað þeim fulltrúum og ráðunautum þingsetu, sem það telur, að ekki hafi verið nefndir í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

6. gr.

Allsherjarþingið eitt getur ákveðið breytingu á aðsetursstað alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, enda sé það samþykkt [af $\frac{2}{3}$ þeirra fulltrúa, sem viðstaddir eru og atkvæði greiða].

7. gr.

1. Stjórnarnefndina skipa [56] menn: [28] fulltrúar ríkisstjórna, [14] fulltrúar atvinnurekenda og [14] fulltrúar verkamanna.

[2. 10 hinna 28 fyrirsvarsmanna ríkisstjórna, sem nefndina skipa, skulu nefndir af aðaliðnaðarríkjunum, sem aðild eiga, en hinir 18 skulu nefndir af þeim aðildarríkjunum, sem til þess eru valin af ríkisstjórnarfulltrúum á þinginu, öðrum en fulltrúum hinna fyrrnefndu 10 ríkja.

3. Stjórnarnefndin skal, þegar þörf krefur, taka ákvörðun um, hver aðildarríkja stofnunarinnar eru aðaliðnaðarríki, og setja reglur, er tryggi það, að öll atriði varðandi val aðaliðnaðarríkja skuli rannsökuð af óvilhallri nefnd, áður en stjórnarnefnd kveður upp úrskurð sinn. Nú skýtur aðildarríki til allsherjarþings úrskurði stjórnarnefndar um, hver aðildarríki séu aðaliðnaðarríki, og kveður þá allsherjarþingið upp fullnaðarúrskurð um málið, en málsskot til þingsins frestar ekki framkvæmd á úrskurði stjórnar-

þingi sitja, greiða því atkvæði, *enda hafi $\frac{2}{3}$ hlutar ríkisstjórnafulltrúa tekið þátt í atkvæðagreiðslunni*. Skal slík aðild ríkis öðlast gildi, þegar ríkisstjórn þess hefur tilkynnt aðalforstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar á formlegan hátt, að hún játist undir skuldbindingar þær, er greinir í stofnskránni.

3. gr.

9. Þingið skal rannsaka skilríki fulltrúa og ráðunauta þeirra, og getur það með $\frac{2}{3}$ hlutum greiddra atkvæða varnað þeim fulltrúum og ráðunautum þingsetu, sem það telur, að ekki hafi verið nefndir í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

6. gr.

Allsherjarþingið eitt getur ákveðið breytingu á aðsetursstað alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, *enda sé það samþykkt með $\frac{2}{3}$ hlutum greiddra atkvæða*.

7. gr.

1. Stjórnarnefndina skipa 112 menn: 56 fulltrúar ríkisstjórna, 28 fulltrúar atvinnurekenda og 28 fulltrúar verkamanna.

2. *Nefndin skal svo sem unnt er skipuð á þann hátt að gætt sé fulltrúahlutverks hennar, og að tekið sé tillit til hinna ýmsu landfræðilegu, efnahagslegu og félagslegu hagsmuna hinna þriggja hópa sem hana mynda, án þess þó að skert sé viðurkennt sjálfræði þeirra.*

3. *Svo fullnægt sé kröfum 2. tl. þessarar greinar og komið í veg fyrir starfstafir, skulu 54 hinna 56 sæta ríkisstjórnafulltrúa þannig skipuð:*

a) *Þeim skal skipt milli fulltrúa fjögurra landsvæða (Afríku, Ameríku, Asíu og Evrópu), og má ef þörf krefur breyta þeirri skiptingu með samþykki allra ríkisstjórna sem málið varðar. Hverju landsvæði skal úthlutað sætum í samræmi við fjölda aðildarríkja á hverju svæði, heildaríbúafjölda og umfang efnahags-*

nefndarinnar fram til þess tíma, er úrskurður þingsins fellur].

starfsemi þeirra, sem metið skal eftir viðeigandi viðmiðum (heildarþjóðarframleiðslu eða fjárframlögum til stofnunarinnar), og skulu öll þessi atriði veða jafnþungt, en þó skal ekkert svæði hafa færri sæti en 12 eða fleiri en 15. Við framkvæmd ákvæða þessa staflíðs skal skipting sæta í fyrstu vera þannig, að Afríkumenn hafi 13 sæti, Ameríkumenn 12 sæti, og Asíumenn og Evrópumenn skiptist á um 14 og 15 sæti.

- b)i) Meðan allsherjarþingið situr skulu fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkja frá svæðum þeim sem nefnd eru í a-lið þessa töluliðs, eða fulltrúar sem þeim tengjast samkvæmt samkomulagi þar um, eða fulltrúar sem boðnir eru til viðkomandi svæðisráðstefnu samkvæmt skilyrðum 4. tl. hér að neðan, mynda kjörnefnd, sem falið skal að tilnefna í þau sæti, sem í hlut hvers hinna áðurnefndu svæða koma. Ríkisstjórnafulltrúar frá Vestur-Evrópu og ríkisstjórnafulltrúar sósíalistaríkja Austur-Evrópu mynda tvær kjörnefndir. Skulu þær gera með sér samkomulag um að skipta milli sín þeim sætum sem svæðinu eru ætluð, og velja hvor í sínu lagi fulltrúa í stjórnarnefnd.
- ii) Þar sem séreðli svæðis krefst þess, geta ríkisstjórnir á því svæði komið sér saman um skiptingu í undirsvæði, sem síðan fela aðildarríkjum að skipa sérstaklega í þau sæti sem úthlutað eru viðkomandi undirsvæði.
- iii) Tilkynna skal hópi ríkisstjórnafulltrúa á þinginu um útnefningarnar, en hann kunngerir síðan um þær. Ef deilt er um framkvæmd eða niðurstöður svæðiskjörs eða undirsvæðiskjörs, og deilan verður ekki leyst á því stigi, skal hópur ríkisstjórnafulltrúa á ráðstefnunni taka um það ákvörðun samkvæmt þeim ramma, sem viðkomandi bókun setur.
- c) Hver kjörnefnd skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að verulegur hluti aðildarríkja sem falið er að skipa í stjórnarnefndarsæti fyrir það svæði séu valin með tilliti til íbúafjölda, og að tryggð sé sanngjörn landfræðileg dreifing, en

*einnig skal höfð hliðsjón af öðrum at-
riðum, svo sem umfangi efnahagsstarf-
semi þeirra með tilliti til séreðlis viðkom-
andi svæðis. Greint skal frá hvernig meg-
inreglum þessum skuli komið í fram-
kvæmd í bókunum sem ríkisstjórnir
hverrar kjörnefndar koma sér saman um,
og skulu þær afhentar aðalforstjóra al-
þjóðavinnuáskrifstofunnar til varð-
veislu.*

*4. Hvert hinna tveggja sæta sem eftir er skulu
skipað til skiptis Afríkumanni og Ameríku-
manni annars vegar, og Asíumanni og Evr-
ópumanni hins vegar, þannig að hvert þess-
ara svæða fái hlutdrægnislaust tekið þátt í
atkvæðagreiðslu um aðildarríki sem tilheyra
því landfræðilega eða tengjast því með sam-
ningi, eða er boðið að taka þátt í viðkomandi
svæðisráðstefnu, þótt þeirra sé ekki enn getið
í bókun, hvorki fyrir það svæði né annað,
þannig að slík ríki njóti ekki forréttinda í
samanburði við sambærileg ríki á svæðinu.
Sé viðbótarsæti ekki skipað samkvæmt fram-
angreindum ákvæðum skal það skipað af
ríkjum viðkomandi svæðis með hliðsjón af
ákvæðum bókunar þeirrar, sem um það
gildir.*

[4]. Fyrirsvarsmenn atvinnurekenda í
stjórnarnefndinni skulu nefndir af fulltrúum
atvinnurekenda á allsherjarþinginu og fyrir-
svarsmenn verkamanna af fulltrúum verka-
manna á þinginu.

[5]. Starfstímabil stjórnarnefndar er 3 ár.
Ef kjör stjórnarnefndar fer ekki einhverra
orsaka vegna fram við lok starfstímabils,
gegnir stjórnarnefnd áfram störfum, þar til
nýtt kjör hefur farið fram.

[6]. Stjórnarnefnd getur að áskildu sam-
þykki allsherjarþingsins skipað menn í stöð-
ur, sem lausar eru, svo og skipað varamenn
og ráðið fram úr öðrum áþekktum málum.

[7]. Stjórnarnefnd velur úr sínum hópi
formann og tvo varaformenn, og skal einn

5. Fyrirsvarsmenn atvinnurekenda í
stjórnarnefndinni skulu nefndir af fulltrúum
atvinnurekenda á allsherjarþinginu og fyrir-
svarsmenn verkamanna af fulltrúum verka-
manna á þinginu.

6. Starfstímabil stjórnarnefndar er 3 ár.
Ef kjör stjórnarnefndar fer ekki einhverra
orsaka vegna fram við lok starfstímabils,
gegnir stjórnarnefnd áfram störfum, þar til
nýtt kjör hefur farið fram.

7. Stjórnarnefnd getur að áskildu sam-
þykki allsherjarþingsins skipað menn í stöð-
ur, sem lausar eru, svo og skipað varamenn
og ráðið fram úr öðrum áþekktum málum.

8. Stjórnarnefnd velur úr sínum hópi for-
mann og tvo varaformenn, og skal einn

þeirra valinn úr hópi fyrirvarsmanna ríkisstjórna, annar úr hópi fyrirvarsmanna atvinnurekenda og þriðji úr hópi fulltrúa verkamanna.

[8]. Stjórnarnefnd setur sér starfsreglur og ákveður, hvenær hún skuli koma saman til funda. Aukafundi skal halda, ef skrifleg beiðni kemur fram um það frá eigi færri en [sextán] stjórnarnefndarmönnum.

8. gr.

1. Aðalforstjóri skal veita alþjóðavinnu-málaskrifstofunni forstöðu. Hann er skipaður af stjórnarnefndinni [og skal, í samræmi við starfsreglur, er stjórnarnefndin setur honum, bera ábyrgð á því, að rekstur skrifstofunnar sé í fullkomnu lagi, og gegna þeim skyldum öðrum, sem honum kunna að verða lagðar á herðar].

[2]. Aðalforstjóri eða fulltrúar hans skulu vera á öllum fundum stjórnarnefndar.

13. gr.

2. ...

c) Allsherjarþingið gerir með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða [þeirra fulltrúa, sem á þingi eru] skipan um tekjur og gjöld Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar, niðurjöfnun og innheimtu framlaga, og skal þingið sjá um, að tekju- og gjaldaáætlun og niðurjöfnun kostnaðar á aðildarríki sé samþykkt af nefnd, er skipuð sé fyrirvarsmönnum ríkisstjórnanna.

4. Nú lendir aðildarríki stofnunarinnar í vanskilum við hana á fjárframlagi sínu, og skal það þá eigi hafa atkvæðisrétt á allsherjarþingi, í stjórnarnefnd, í nefndum eða við kjör í stjórnarnefnd, enda nemi vanskilaskuldin framlagi viðkomandi ríkis fyrir tvö

þeirra valinn úr hópi fyrirvarsmanna ríkisstjórna, annar úr hópi fyrirvarsmanna atvinnurekenda og þriðji úr hópi fulltrúa verkamanna.

9. Stjórnarnefnd setur sér starfsreglur og ákveður, hvenær hún skuli koma saman til funda. Aukafundi skal halda, ef skrifleg beiðni kemur fram um það frá eigi færri en 32 stjórnarnefndarmönnum.

8. gr.

1. Aðalforstjóri skal veita alþjóðavinnu-málaskrifstofunni forstöðu. Hann er skipaður af stjórnarnefndinni, og er skipun hans háð samþykki allsherjarþingsins.

2. Aðalforstjóri skal, í samræmi við starfsreglur, er stjórnarnefndin setur honum, bera ábyrgð á því, að rekstur skrifstofunnar sé í fullkomnu lagi, og gegna þeim skyldum öðrum, sem honum kunna að verða lagðar á herðar.

3. Aðalforstjóri eða fulltrúar hans skulu vera á öllum fundum stjórnarnefndar.

13. gr.

2. ...

c) Allsherjarþingið gerir með $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða skipan um tekjur og gjöld Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar, niðurjöfnun og innheimtu framlaga, og skal þingið sjá um, að tekju- og gjaldaáætlun og niðurjöfnun kostnaðar á aðildarríki sé samþykkt af nefnd, er skipuð sé fyrirvarsmönnum ríkisstjórnanna.

4. Nú lendir aðildarríki stofnunarinnar í vanskilum við hana á fjárframlagi sínu, og skal það þá eigi hafa atkvæðisrétt á allsherjarþingi, í stjórnarnefnd, í nefndum eða við kjör í stjórnarnefnd, enda nemi vanskilaskuldin framlagi viðkomandi ríkis fyrir tvö

undanfarin ár eða meira. Þó má allsherjarþingið með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða [viðstaddra fulltrúa] heimila slíku aðildarríki atkvæðisrétt, ef þinginu þykir sýnt, að vanskilin eigi rót að rekja til orsaka, sem aðildarríkið fékk eigi við ráðið.

16. gr.

2. Dagskrármál, sem mótmælt hefur verið á þennan hátt, skal þó eigi taka af dagskrá, ef samþykkt er á þinginu með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða [viðstaddra fulltrúa], að taka þau til meðferðar.

3. Ef þingið samþykkir (á annan hátt en um getur í fyrra tölulið) með $\frac{2}{3}$ hlutum [atkvæða viðstaddra fulltrúa], að taka skuli eitthvert mál til umræðu á þinginu, þá skal það málefni tekið á dagskrá á næsta þingi.

17. gr.

2. Öllum málum skal ráðið til lykta með einföldum meiri hluta atkvæða þeirra fulltrúa, sem viðstaddir eru, nema öðru vísi sé kveðið á í stofnskrá þessari, í einhverri milliríkjasamþykkt eða öðru skjali, er fær þinginu tiltekið vald í hendur, eða í skipan, sem gerð er um fjármál og fjárhagsáætlanir samkvæmt 13. gr.

[3]. Atkvæðagreiðsla er markleysa, nema [helmingur fulltrúa þeirra, sem þingið sækja, greiði atkvæði].

19. gr.

2. Alþjóðasamþykkt eða ályktun öðlast gildi við lokaatkvæðagreiðslu á allsherjarþingi, er [$\frac{2}{3}$ viðstaddra fulltrúa gjalda þeim jákvæði sitt].

undanfarin ár eða meira. Þó má allsherjarþingið með $\frac{2}{3}$ hlutum *greiddra atkvæða* heimila slíku aðildarríki atkvæðisrétt, ef þinginu þykir sýnt, að vanskilin eigi rót að rekja til orsaka, sem aðildarríkið fékk eigi við ráðið. -

16. gr.

2. Dagskrármál, sem mótmælt hefur verið á þennan hátt, skal þó eigi taka af dagskrá, ef samþykkt er á þinginu með $\frac{2}{3}$ hlutum *greiddra atkvæða* að taka þau til meðferðar.

3. Ef þingið samþykkir (á annan hátt en um getur í fyrra tölulið) með $\frac{2}{3}$ hlutum *greiddra atkvæða* að taka skuli eitthvert mál til umræðu á þinginu, þá skal það málefni tekið á dagskrá á næsta þingi.

17. gr.

2. Öllum málum skal ráðið til lykta með einföldum meiri hluta *greiddra atkvæða (með og á móti)*, nema öðru vísi sé kveðið á í stofnskrá þessari, í einhverri milliríkjasamþykkt eða öðru skjali, er fær þinginu tiltekið vald í hendur, eða í skipan, sem gerð er um fjármál og fjárhagsáætlanir samkvæmt 13. gr.

3. Þar sem mælt er svo fyrir í stofnskrá að einfaldur meiri hluti atkvæða skuli ráða ákvörðun, skal að minnsta kosti fjórðungur þingfulltrúa samþykkja hana. Ef stofnskrá mælir svo fyrir að $\frac{2}{3}$ hlutar atkvæða ráði ákvörðun, skal að minnsta kosti þriðjungur þingfulltrúa samþykkja hana, en ef stofnskrá mælir svo fyrir að $\frac{3}{4}$ hlutar atkvæða ráði ákvörðun, skulu að minnsta kosti $\frac{3}{8}$ hlutar þingfulltrúa samþykkja hana.

4. Atkvæðagreiðsla er markleysa, nema að minnsta kosti helmingur atkvæðisbærra þingfulltrúa hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslunni.

19. gr.

2. Alþjóðasamþykkt eða ályktun öðlast gildi við lokaatkvæðagreiðslu á allsherjarþingi, ef hún er samþykkt með $\frac{2}{3}$ hlutum *greiddra atkvæða*.

21. gr.

1. Ef alþjóðasamþykkt, sem er til loka-
umræðu á allsherjarþingi, nær ekki sam-
þykki [$\frac{2}{3}$ hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa],
þá er öllum aðildarríkjum stofnunarinnar
rétt að gera slíka samþykkt sín á milli.

36. gr.

Breytingar á stofnskrá þessari, sem sam-
þykktar eru á allsherjarþingi með $\frac{2}{3}$ hlutum
greiddra atkvæða [viðstaddra fulltrúa],
skulu ganga í gildi þegar þær hafa verið
fullgiltar og samþykktar af $\frac{2}{3}$ aðildarríkja
stofnunarinnar, [þar á meðal af fimm hinna
tíu aðildarríkja, er fyrirsvar eiga í stjórnar-
nefnd sem aðaliðnaðarríki samkvæmt
ákvæðum 3. tölul. 7. greinar þessarar stofn-
skrár].

21. gr.

1. Ef alþjóðasamþykkt, sem er til loka-
umræðu á allsherjarþingi, nær ekki sam-
þykki með $\frac{2}{3}$ hlutum greiddra atkvæða, þá er
öllum aðildarríkjum stofnunarinnar rétt að
gera slíka samþykkt sín á milli.

36. gr.

1. Breytingar á stofnskrá þessari, aðrar
en þær sem um getur í 2. tl. þessarar greinar,
sem samþykktar eru á allsherjarþingi með $\frac{2}{3}$
hlutum greiddra atkvæða, skulu ganga í gildi
þegar þær hafa verið fullgiltar og samþykkt-
ar af $\frac{2}{3}$ aðildarríkja stofnunarinnar.

2. Ef breyting varðar

- i) grundvallartilgang stofnunarinnar, svo
sem greinir í forspjalli að stofnskrá og
yfirlýsingu um hlutverk stofnunarinnar
og markmið í viðauka við stofnskrá
(Forspjall, 1. gr., Viðauka),
- ii) fastaskipulag stofnunarinnar, uppbygg-
ingu og hlutverk fjölskipaðra valdastofn-
ana innan hennar, eða skipun aðalfor-
stjóra, svo sem greinir í stofnskránni (1.
gr., 2. gr., 3. gr., 4. gr., 7. gr., 8. gr., 17.
gr.),
- iii) ákvæði stofnskrár um alþjóðasamþykkt-
ir og ályktanir um atvinnumál (19.—35.
gr., 37. gr.), eða
- iv) ákvæði þessarar greinar,
skal hún ekki talin samþykkt nema hún sé
studd $\frac{3}{4}$ hlutum greiddra atkvæða, og ekki
taka gildi nema hún sé fullgilt og samþykkt af
 $\frac{3}{4}$ hlutum aðildarríkja stofnunarinnar.

Fylgiskjal IV.

Skýrsla nefndar um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Í 5. gr. samþykktar nr. 144, varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra regna á sviði
vinnumála, er kveðið á um að ríkisstjórn aðildarríkis skuli hafa samráð við heildarsamtök
aðila vinnumarkaðarins um ákveðin málefni sem snerta samskiptin við Alþjóðavinnumála-
stofnunina. Þessi málefni eru talin upp í greininni. Einnig kemur fram í 2. tölul. greinarinnar

að til þess að tryggja nægilega athugun á þessum málefnum skuli halda fundi með hæfilegum fresti sem ákveðinn skal með samkomulagi hlutaðeigandi aðila. Í 6. gr. samþykktarinnar kemur fram að gefa skuli út, að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins, ársskýrslu um þá starfsemi sem fjallað er um í 5. gr.

Með hliðsjón af framangreindu var komið á fót samstarfsnefnd 16. apríl 1982 til að fjalla um málefni sem varða starfsemi Alþjóðavinnuáráðs Íslands og aðild Íslands að henni. Á árinu 1986 var nefndin þannig skipuð: Fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Lára V. Júlíusdóttir lögfræðingur, fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands, Kristján Þorbergsson lögfræðingur, fulltrúi félagsmálaráðuneytisins og formaður nefndarinnar, Gylfi Kristinsson deildarstjóri.

Á árinu 1986 hélt ILO-nefndin samtals 10 fundi. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu verkefnum hennar.

a. Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkt á sviði vinnumála.

Samkvæmt 19. gr. stofnskrár ILO er aðildarríki skylt að gefa stofnuninni skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkt á sviði vinnumála. Aðildarríkin skulu reglulega taka saman skýrslur um framkvæmd þeirra samþykkt sem þau hafa fullgilt. Stjórnarnefndin getur einnig falið alþjóðavinnuáráðsnefndinni að óska eftir skýrslum frá aðildarríkjunum um framkvæmd annarra samþykkt sem hlutaðeigandi aðildarríki hafa ekki fullgilt.

Á árinu 1986 hefur ILO-nefndin undirbúið skýrslur íslensku ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykkt: Nr. 11, um nauðungarvinnu og skylduvinnu, nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess, nr. 98, um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs, og nr. 144, um samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála.

b. Skýrslur um Alþjóðavinnuáráðsáætlun 1985.

Í stofnskrá Alþjóðavinnuáráðs Íslands er kveðið á um að samþykktir Alþjóðavinnuáráðsáætlunarinnar skuli kynntar löggjafarsamkomu aðildarríkjanna. Á Íslandi hefur þetta ákvæði verið uppfyllt með þeim hætti að félagsmálaráðherra hefur gefið Alþingi skýrslu um Alþjóðavinnuáráðsáætlunina. Í skýrslunum eru birtar í íslenskri þýðingu þær samþykktir og tillögur sem þingin hafa afgreitt. Á árinu 1986 undirbjó ILO-nefndin skýrslu félagsmálaráðherra um 71. Alþjóðavinnuáráðsáætlun 1985. Á því þingi voru afgreiddar, og birtar í skýrslunni, eftirfarandi samþykktir og tillögur: Alþjóðasamþykkt nr. 160, um hagskýrslugerð um atvinnuáráð, alþjóðasamþykkt nr. 161, um heilsugæslu á vinnustöðum, tillaga nr. 170, um hagskýrslugerð um atvinnuáráð, og tillaga nr. 171, um heilsugæslu á vinnustöðum.

c. Undirbúningur fyrir þátttöku í Alþjóðavinnuáráðsáætlun 1986.

Nefndin tók til umfjöllunar á nokkrum fundum þau málefni sem voru á dagskrá 71. Alþjóðavinnuáráðsáætlunarinnar. Meðal annars var farið yfir dagskrá þingsins og þau drög að alþjóðasamþykkt um öryggi við notkun asbests sem höfðu verið send aðildarríkjunum til athugunar. Leitað var álits Vinnueftirlits ríkisins á drögunum og mætti fulltrúi þess á fund með nefndinni. Þess má geta að Gylfi Kristinsson deildarstjóri tók þátt í fundi sem ríkisstjórnarfulltrúar Norðurlanda héldu í Stokkhólmi dagana 21.–22. maí 1986 til undirbúnings vinnuáráðsáætlunarinnar.